

## Af marxisma

Ottó Másson. „Marx og sagan.“ Í *Af marxisma*, ritstj. Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, bls. 83-132.  
Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012.

Ottó Másson

## Marx og sagan

Mér verður hugsað til þess að fyrir skemmstu hefði þetta vandamál, Marx og sagan, ekki þótt flókið, hvað þá þýðingarmikið; raunar hefði það alls ekki þótt vera neitt vandamál lengur. Það var þó naumast vegna þess að áhrif Marx væru svo lítil að ekki tæki því að skoða þau af alvöru, því marxisminn er án nokkurs vafa einhver áhrifamesti hugmyndastraumur allra tíma. Helst er hægt að bera hann saman við heimstrúarbrögðin, þjóðernishyggju o.þ.h. hvað útbreiðslu og fjölda áhangenda snertir. Enginn annar hugmyndastraumur kemst í hálfkvisti við hann þegar litið er til sögu verkalýðshreyfingarinnar um allan heim, svo og þjóðfrelsinhreyfinga í nýlendum og hálf-nýlendum „þriðja heimsins“ svokallaða.<sup>1</sup> Það kann að hljóma þverstæðukennt í fyrstu, en mér er raunar næst að halda að áður nefndu vandamáli hafi verið sópað til hliðar vegna þess að áhrifin voru svo *mikil*; samtíminn spurði ekki lengur um Marx og söguna af þeirri einföldu ástæðu að hann *vildi að efnið heyrði sögunni til*. Þetta er dálítið undarleg hugsun: ef eitthvað heyrir sögunni til, skiptir það sem sé ekki máli (eða ekki lengur). Það má því umorða þetta og segja sem svo að samband Marx og sögunnar hafi ekki lengur skipt máli eiginlega vegna þess að *samtíminn sjálfur* heyrði *ekki* sögunni til að því er virtist. Samtíminn var laus við marxismann en jafnframt útblásinn af furðulegri þembu, sveif út úr sögulegu samhengi og flengdist svo til og frá í vindi eins og tómur plastpoki yfir ruslahaugum sögunnar.

1 Sbr. Göran Therborn, „Dialectics of Modernity: On Critical Theory and the Legacy of Twentieth-Century Marxism“, *New Left Review* (215:1 jan.-feb. 1996), bls. 73–74.

Eins og Marx kvað einhverju sinni sjálfur að orði: „Það var saga, en núna er hún búin“.

Annars vegar voru því engin áhöld um *gífurleg* söguleg áhrif marxismans, hins vegar þurfti af einhverjum ástæðum ekki að skeyta um þau hið minnsta. Eftir þessum hugsunarhætti er bersýnilega út í hött að sagan varði okkur sjálf, að athafnir okkar hér og nú séu líka liður í sköpun sögu. Sagan liggur einfaldlega öll að baki, í fortíðinni, eins og firnlegt safn af dauðum hlutum, ónýtu drasli; áhugaverða draslið var hins vegar að finna í flottum verslunum, alltaf enn ókeypt, og hamingjan þannig öllum stundum rétt handan við hornið.

Andspænis þessum firnum verður manni hugsað til þess að karlfauskurinn sem samkvæmt þessu lá steindauður einhvers staðar í skranhaugnum, nefnilega Marx sjálfur, lagði raunar gríðarlega áherslu á það sem hér er umhugsunarlaust útilokað með öllu: *sögulegan sjálfskilning*. Kenningar sínar skoðaði hann sem *bluta* hins sögulega viðfangsefnis þeirra, og þær fjalla því ekki bara „um“ söguna, heldur hugsa jafnframt sjálfar sig sem hvort tveggja í senn, *sögulega afurð* og *söguleg ábrif*. Þegar Marx tók að gera upp við hegelisma þann sem hann hafði ungur tileinkað sér á námsárum sínum í Berlín (1837–1841) lagði hann þannig sérstaka áherslu á það hvernig hugspeglunarspeki Hegels drattast ævinlega á eftir atburðum; u gla Mínervu, þ.e. heimspekin, hefur sig til flugs á kvöldin þegar um hægist og kannar í kyrrlátu rökkri það sem gerst hefur þá um daginn. Heimspekin er því attaníóssi sögunnar fremur en þátttakandi í henni.<sup>2</sup>

Strax árið 1843, 25 ára gamall, er Marx þannig farinn að leita hugsunar sem byggir á *sögulegum sjálfskilningi*, sem jafnframt er *virkur* og *gagnrýninn*, enda geti sagan aldrei orðið viðfang hinnar fræðilegu hugsunar á sama hátt og hlutveruleg viðfangsefni náttúruvísindamanna: engar hundakúnstir gætu mögulega vippað okkur út fyrir söguna á einhvern leynistað þar sem unnt væri að skoða hana ótrufflaður utan frá. Þegar Marx fluttist búferlum til Brüssel í

2 Sjá „Gagnrýni á Réttarheimspeki Hegels. Inngangur“, sem upphaflega birtist í *Þýsk-frönskum árbókum*, útgefnum í París 1844. Íslensk þýðing væntanleg hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi. Í *Fjölkylðunni belgu* (einnig útg. 1844) sagði Marx að hjá Hegel væri sannleikurinn einhvers konar *automaton* (það mætti nefna sjálfhreyfil á íslensku), sem mannverurnar eltast við („The Holy Family“, í Marx og Engels, *Collected Works*. Moskva: Progress Publishers, 1975, 4. bindi, bls. 79).

febrúar 1845 var hann búinn að setja þessi vandamál niður fyrir sér í meginatriðum, og krotaði þá í minnisbók nokkrar litlar athugasemdir, t.d. þessa: „Heimspekingar hafa til þessa einungis túlkað heiminn á ýmsa vegu, en það sem máli skiptir er að breyta honum“. Þarna er firna mikið undir, en eitt af því sem hann á við er að fræðileg hugsun sem einhvers er megnug verður að skoða sjálfa sig sem virkni í heiminum, í sögunni. Einnig nútíðin er saga.

Þegar þessi sögulegi sjálfsskilningur Marx er kannaður til meiri hlítar koma alvarlegir annmarkar í ljós, og sumir hafa reynst æði afdrifaríkir. Engu að síður fer ekki á milli mála að Marx var að þessu leyti frumkvöðull, og ég held að í þessu birtist áskorun sem enn sé vert að takast á við. Ætlun mín er þó ekki að gera efninu ítarleg söguleg skil, heldur fremur að kanna lítillaga hvað það gæti *merkt* að öðlast sögulegan skilning á arfleifð Marx og marxismanum. Um þetta má enn hugsa, ekki síst í kjölfar þess að samtíminn sem áður úthýsti bæði Marx og sögunni, heyrir nú, ef mér leyfist að taka svo til orða, sögunni til; og um daginn sá ég nýtt hefti af *Time* um efnahagskreppuna – viti menn! „Special Report: The World Economy. What Would Marx Think?“ stendur þar á forsíðu, og með fylgir mynd af þeim gamla. Ekki var ég svo sem hissa á þessu; tilraunir til þess að stjaka Marx úr hópi helstu hugsuða mannkynssögunnar út á ruslahauga sögunnar eru líklegar til þess að lenda þar fljótlega sjálfar, en að vísu í bókstaflegum skilningi fremur en metafórískum.

## Arfleifð Marx

Í verkum Marx sjálfs og allri marxískri hefð er þung áhersla lögð á *vísindalega* söguskoðun og *stjórnmal á vísindalegum grundvelli*. Orðalag á borð við „vísindi söguþróunarinnar“ má í meginatriðum greina frá tveimur hliðum, annars vegar er hægt að athuga söguskoðunina sjálfa (sem venja er að nefna sögulega efnishyggju), hins vegar þann vísindaskilning sem hún byggist á. Þetta tvennt er nátengt, en hér ætla ég einkum að beina sjónum að því síðarnefnda. Marx gaf vissulega margháttadar vísbendingar um vísindaskilning sinn, og þær hníga að eins konar *söguhyggju* miklu fremur en pósitívískri löghyggju, og ljóst virðist að því sem fyrir Marx sjálfum vakti með vísindatalinu hafi ekki verið fyllilega til skila haldið af fylgismönnum

hans; í marxískri hefð fór fljótt að gæta vísindaskilnings af pósitív-ísku sauðahúsi, en sjálfur hafði Marx óprent hæft álit á pósitívisma sinnar tíðar, og breska raunhyggjan fékk oftast nær hjá honum svipaða útreið.<sup>3</sup>

Hér verður að stikla á stóru, en upphafið að því sem ég kalla hér sögulegan vísindaskilning Marx má rekja til *Parísarhandritanna* (1844) þar sem hann setur fram það markmið að skapa ein vísindi, en tiltekur jafnframt að *eining vísinda liggja í sögulegu eðli þeirra sjálfra og viðfangsins*.<sup>4</sup> Æði margt er óljóst í þessum hugmyndum, og því hægt að koma við ólíkum túlkunum, en eitt er víst: svona sögulegur heildarskilningur fer í þverbága við þá „einingu vísindalegrar aðferðar“ sem pósitívistar hafa byggt á, því þar er gert ráð fyrir því að samkenni allra vísinda og aðal þeirra sé skilgreining og athugun lögmála sem eru í raun yfirsöguleg, enda hvíla þau ekki á sögulegum forsendum heldur liggja henni til grundvallar og/eða skýra hana. Þessi sögulegi vísindaskilningur Marx er ekki bundinn við þetta verk, heldur hefur margþætta grundvallarþýðingu í öllum síðari verkum hans. Skoðum nokkrar hliðar hans í snarheitum.

Í fyrsta lagi teflir Marx sögulegum vísindaskilningi sínum beinlínis gegn þeirri löghyggju sem klassísk þjóðhagfræði byggði á. Höfuðatriðið er að lögmál efnahagslífsins eru bundin ákveðnum sögulegum skilyrðum, og hin almennu sértök þjóðhagfræðinnar þess vegna ógild. Marx leggur jafnan þunga áherslu á þetta, bæði í *Parísarhandritunum* og *Auðmagninu*, og sama gera allir athugulir lesendur síðarnefnda ritsins.<sup>5</sup> *Auðmagnnið* snýst þannig ekki um að skýra

3 Sbr. tilvitnanir og umfjöllun hjá Valentino Gerratana, „Marx and Darwin“, *New Left Review* (I) (82, nóv.–des. 1973), bls. 60–82. Að vísu er ekki allsendis laust við pósitívísk áhrif í síðari verkum Marx, en mér virðast þau miklu minni en yfirleitt er gert ráð fyrir.

4 Marx, *Early Writings*, Harmondsworth: Penguin, 1975, bls. 350, 354–358; Marx og Engels, *Werke. Ergänzungsband: Schriften bis 1844. Erster Teil*, Berlín: Dietz Verlag, 1968, bls. 538, 542–546. Vísindaskilningur Marx á talsvert skylt við útleggingu Hegels á *Wissenschaft*, sbr. frægan formála *Phänomenologie des Geistes*, Frankfurt: Ullstein, 1970, bls. 11–67.

5 Sjá inngang C. J. Arthur að Marx, *Capital: A Student Edition*, London: Lawrence & Wishart, 1992, bls. xiii–xiv; Karl Korsch, *Three Essays on Marxism*, London: Pluto, 1971, bls. 16–25; Ernest Mandel, inngangur að *Capital*, 1. bindi, Harmondsworth: Penguin, 1976, bls. 12–13; Lév Trotskí, „Presenting Karl Marx“, *The Living Thoughts of Karl Marx*, New York: Longman, 1963 (upph. 1939), bls. 15, svo einhver dæmi séu nefnd.

veruleika samfélagsins með *almennum* „hreyfilögmafum“, heldur er verkið skipuleg greining á sögulegum skilyrðum framleiðsluhátta auðmagnsins og þeirra lögmála sem *þeir* lúta.

Í annan stað byggir vísindaskilningur Marx á hugmynd um „endalok heimspekinnar“. Greina má talsverðan aðdraganda að þeirri hugmynd hjá honum, en í *Þýsku hugmyndafræðinni* (1845–1846) er inntakið orðið tiltölulega skýrt. Heimspekin fellur á því að hún er „sértæk“, þ.e.a.s. vegna þess að hún er ósöguleg.<sup>6</sup> Heimspeki sem sjálfstæð grein: þetta er að hyggju Marx aðeins annað orðalag yfir firringu eða einangrun fræðilegrar hugsunar í samfélagi manna og sögu. Í samræmi við þetta hafnar Marx allri heimspökilegri umfjöllun um vitundina, enda sé þar jafnan um innantómt sértæk að ræða: vitund getur aldrei verið neitt annað en vitund sögulegra mannglegra einstaklinga sem starfa í hlutheiminum, o.s.frv. Marx fúlzar ævinlega við því þegar vitundin er skoðuð líkt og um sjálfstæða verund sé að ræða.<sup>7</sup>

Í þriðja lagi felur vísindaskilningur Marx einnig í sér hliðstætt uppgjör við siðfræðina. Öll siðferðileg gildi eru innan-söguleg og verða þess vegna ekki notuð sem einhvers konar ytri mælikvarði á sögulega framvindu; siðferðileg gagnrýni er ævinlega sögulegt áform mannglegra einstaklinga, og þau liggur svo aftur beint við að skilja í ljósi alls kyns sögulegra skilyrða, framleiðsluaflla, stéttaafstæðna, o.s.frv.<sup>8</sup> Kjarni málsins er hér ekki sá að Marx haldi fram einhverri skefjalausri afstæðishyggju (eða sjálfðæmishyggju) um siðferðileg verðmæti. Hann er fremur að reyna að hugsa gilda- og hugmynda-kerfi sem sögulegar afurðir, og fjallar raunar næstum aldrei um siðferðileg efni nema þegar hann er að deila á „hugmyndafræði“ sem hann svo kallaði. Önnur hlið á þessu er líka athyglisverð, því sá greinarmunur á gildum og staðreyndum sem pósitívisminn byggir

6 Karl Marx og Friðrik Engels, *Þýska hugmyndafræðin* (þýð. Gestur Guðmundsson), Reykjavík: Mál og menning, 1983, bls. 22–23.

7 Þessi hugsun geta menn fundið út um allar trissur í verkum Marx, en besta útlistunin er að mínu viti stórskemmtilegur lokakafli *Paríwarbandritanna*, þar sem m.a. segir: „Ein ungegenständliches Wesen ist ein Unwesen“ („Óhlutlæg verund er ó-verund“); Marx og Engels, *Werke. Ergänzungsband*, bls. 578.

8 Sbr. Jeffrey Vogel, „The Tragedy of History“, *New Left Review* (1) (220, nóv.–des. 1996).

á er hér skoðaður einungis sem sértækur, röklegur greinarmunur; í samfélagi og sögu er þetta tvennt nátengt, og vísindum sömuleiðis.

Þetta þrennt kemur saman í einum punkti: höfnun Marx á „sértækum“ fræðum – öll fræði ber að skoða sem mannlega starfsemi og sögulega afurð. Eining fræða og starfs er lykilhugmyndin, og það sem bindur allt saman er sagan. Sértök ættu að réttu lagi ekki að vera neitt annað en einfalt hjálpargagn, greiningartæki um hinn hlut-tæka veruleika sögulegrar framvindu. Pósitívískur vísindaskilningur markar sérstöðu og einingu vísindalegrar aðferðar þannig að ævinlega sé leitast við að skýra viðfangið með tilvísun til almennra lögmála. Marx hafnar slíkum lögmálum ekki alfarið, en leggur í þau allt annan skilning: hjá honum eiga þau sér einmitt sögulegar rætur og gildi þeirra er því takmarkað, háð sögulegum forsendum. Hlutverk réttnefndra vísinda er einmitt að leiða þetta samhengi í ljós.

En loks, og í fjórða lagi, er *sjálfskilningur* Marx í samræmi við allt þetta félagssögulegur. Hann sér sínar eigin kenningar ekki sem einstaklingsbundið fræðilegt áform sitt, heldur fremur sem nokkurs konar anga af sögulegri hreyfingu öreigalýðsins, og raunar aðeins eitt horf þeirrar hreyfingar; hann hafnaði því afdráttarlaust að hugmyndir lifðu sjálfstæðu lífi, óháð tilteknum félagsöflum, og taldi þær jafnan spretta af tilteknum félagssögulegum jarðvegi. Fræðilega arfleifð Marx verður þannig að skoða í sambandi við þennan sjálfskilning, og þar með ákveðinn sögulegan og pólitískan sjónarhól: hún var eins konar framlenging stéttarbaráttu öreigalýðsins á fræðilegu sviði. Bylting öreiganna ástundaði linnulausa sjálfsgagnrýni sem hlaut að byggja á fræðilegum forsendum.<sup>9</sup> Í augum Marx er kommúnisminn þannig ekki tiltekin fræðahefð né heldur einn stjórn-málastraumur meðal annarra; sérstaðan liggur einmitt í samruna þessa tvenns, hlutverulegrar sögulegrar hreyfingar og fræðilegrar hugsunar eða gagnrýni.

Hinar fræðilegu kenningar kommúnista eiga ekki rætur að rekja til hugsýna eða lögmála sem einhver heimsbjargvætturinn hefur búið til eða uppgötvað. Þær eru aðeins almenn tjáning á raunhæfum staðreyndum stéttarbaráttu

9 Sbr. Karl Marx, „Átjándi Brumaire Loðvíks Bónaparte“, *Úrvalsrít II*, Reykjavík: Heimskringla, 1968, bls. 122.

sem nú er háð, sögulegri hreyfingu sem fram fer fyrir augum okkar.<sup>10</sup>

Úrslitaprófraun svona kenningar er því *starfræns* eðlis. Aðeins í verki, með sögulegu áhrifavaldi, getur „marxisminn“ – eða með orðalagi Marx sjálfs: kommúnisminn – sýnt sitt *Diesseitigkeit*, að hann er af þessum heimi og ekki einber heilaspuni. Hann þyrfti að vera virk *eining fræða og starfs*, stéttarleg hreyfing um samfélagsbreytingar. Skurðpunktur fræða og starfs liggur þannig á stjórn málasviðinu, sviði skipulagðra átaka stétta og/eða stéttabrota um yfirráð yfir ríkisvaldinu. Þungamiðja kommúnismans liggur þannig jafnan í brenni-depli stéttaátaka hvers tíma sem hann gerir að sínum, og þá einkum þeim sem vísa til byltingar: upphafningar á firringu vinnunnar, eða afnáms launakerfisins, með öðru orðalagi.

Það er einkum tvennt sem Marx og Engels eru hér að reyna að forðast, tvær reginvillur sem þeim finnast vera hjá fyrri kommúnistum og sósíalísum og sneiða þyrfti hjá: annars vegar útópískar nálganir, hins vegar samsærishyggja. Við nánari athugun reynast báðir þessir kostir byggja á sértekningu (byltingar)hugmynda frá hlutveru þjóðfélagsins (eða með öðrum orðum firringu þeirra), svo þær birtast sem einhvers konar sjálfstæðar verundir. Þetta er eitt helsta auðkenni hugmyndafræðilegra úrlausna að því er Marx hyggur, og stjórn málgangur byggð á vísindalegum grunni hljóta að hafa annars konar viðmiðun, þ.e. raunverulega einingu fræða og starfs, hugmynda og athafna á sögulegu sviði. Þessu fylgir að greinarmunur á sögulegri baráttu alþýðuhreyfinga og fræðikenningu Marx er fremur skoðaður sem víti til varnaðar en sem sérstakt umhugsunarefni. Til að sjá betur hvernig þessu vísunum við skulum við huga fyrst nánar að þessu tvíþætta uppgjöri við útópisma og samsærilausnir, og líta svo á athugasemdir Marx um þróun verkalyðsbaráttunnar.

1. Því er afdráttarlaust hafnað að gera sér hugmyndir um fyrirmyndarsamfélag, staðleysu eða útópíu, og biðla svo til fólks um liðsinni við umbótastarfið, enda sé þá fyrirfram staðfest djúp í millum veruleikans og markmiðsins; og það verður ekki brúað.

Kommúnisminn er í okkar augum ekki *ástand* sem þyrfti

10 Marx og Engels, *Kommúnistaávarpið*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2008, bls. 194–195.

að koma á, *bugsjón* sem veruleikinn þarf að laga sig að. Kommúnisma nefnum við hina *raunverulegu* hreyfingu sem afnemur ríkjandi ástand. Skilyrði þessarar hreyfingar ráðast af núverandi forsendum.<sup>11</sup>

Sértæk markmið, þ.e. markmið sem í raun eru sértak frá öllum raunveruleika, hljóta eðlis síns vegna að læsast inni í sjálfum sér og verða magnvana. Höfnun Marx á staðleysum er því ekki einungis dularklæði sem hann brúkar til að hjúpa eigin óskhyggju og ljá henni raunsæisáferð. Draumsýnir um framtíðarsamfélag fela í sér þann ágalla að hinni sögulegu hreyfingu eru settir eins konar afarkostir, og útópistarnir setja í raun sjálfa sig, eða hugmyndir sínar, í stað þess félagslega afls sem eitt fær knúið fram grundvallarbreytingar. Kommúnistar boða aftur á móti „ekki neinar sérstakar frumreglur er öreigalýðshreyfingin skuli hneppt í“.<sup>12</sup> Marx hafði ímugust á einangrunarstefnu eða sértrúarhyggju sem einkennist umfram allt af svona boðun; honum virtist eðlilegt að mönnum fípaðist á þennan hátt á frumskeiði verkalýðsbaráttunnar, en á síðari stigum yrði það einber dragbítur hreyfingarinnar.

2. Þannig hafnar Marx því sömuleiðis að valdataka minnihluta-hóps í nafni hins vinnandi fjölda geti leyst úr samfélagsvandannum, eins og t.a.m. fólst í samsærishyggju Babeufs, Blanquis, o.fl. Ógöngur þessa sjónarmiðs mega heita dæmigerðar fyrir efnishyggju upplýsingartímans: samfélaginu er skipt í tvo hluta, annars vegar hina upplýstu umbótamenn sem byggja að sögn á „skynseminni“ og hins vegar fáfróðan lýðinn, afsprengi vondra samfélagshátta. Hér er sjálfsskilningur hinna upplýstu manna fremur dularfullur – eða hvar ætli skynsamlegar hugmyndir þeirra eiginlega mótist, ef ekki í þessu sama vonda samfélagi? Uppalandinn verður líka að fá sitt uppeldi.<sup>13</sup> Upphafsmenn sósíalísmans gerðu einatt ráð fyrir því, án verulegrar umhugsunar, að byltingin gæti stuðst við breiðan, en að sama skapi óljósan, félagslegan grundvöll, ólíkustu hópa og stéttir. Úrvalshópshyggju þeirra má að því er Marx telur rekja til vöntunar á vandaðri greiningu á framleiðsluhætti auðmagnsins. Með hliðsjón

11 Marx og Engels, *Dýska hugmyndafræðin*, bls. 34 (þýðingu breytt).

12 Marx og Engels, *Kommúnístaávarpið*, bls. 194.

13 Sbr. Marx, „Greinar um Feuerbach“, 3. grein, í Marx og Engels, *Úrvalsrít*, I. bindi, Reykjavík: Heimskringla, 1968, bls. 325.

af slíkri greiningu telur hann unnt að losna úr hafti „hugmyndafræðinnar“ sem hann svo kallar og *takmarka félagslegan grundvöll byltingarinnar við öreigalýðinn*. En að sama skapi *stækkar* raunar sá hópur sem til þess er kallaður að *framkvæma valdatökuna sjálfa*. Kommúnísku þjóðfélagi verður ekki komið á með valdaránssamsæri lítills úrvalshóps sem síðan tekur að stjórna *fyrir* öreigalýðinn, heldur er það einungis mögulegt ef verkalýðsstéttin hefur pólitíska og skipulagslega burði til þess að ná sjálf völdunum og fara með þau.

Lausn Marx er því sú hugmynd að öreigalýðurinn eða verkalýðurinn, gríðarlega stór og mjög vaxandi stétt sem virtist ætla að verða meirihluti íbúa í þróuðum auðmagnsríkjum, taki einfaldlega völdin sjálfur – og engir aðrir í umboði hans. „Lausn verkalýðsstéttarinnar verður að vera hennar eigi verk“.<sup>14</sup> Heil stétt manna getur vitanlega ekki gert þetta nema hún hafi jafnframt skipulagslega burði til þess að ná og halda pólitískum völdum. En verkalýðsstéttin er einmitt nauðbeygð til þess að mynda samtök í varnarbaráttu sinni gegn stöðugum ágangi auðmagnsins; hún tekur þannig eðlilega að skipuleggja sig og heyja síðan samhæfða baráttu á landsvísu (og raunar alþjóðlega) fyrir sameiginlegum hagsmunamálum sínum; loks fer hún væntanlega fram gegn sjálfum hornsteini firringarinnar og launaþrældómsins, einkaeigninni á framleiðslutækjunum. Verkalýðurinn er fjölmenn stétt, og jafnframt þéttbýl, svo auðvelt er að kveða herfylki hennar saman. Marx sér í þessari baráttu og í samtökum verkafólks stórkostlegan sköpunarmátt: þau geta orðið undirstaða algerrar endurskipulagningar samfélagsins. Frumatriðið í sjálfsskilningi Marx er þannig þessi *samsömun* hans við raunverulega alþýðuhreyfingu, óbifanleg trú á hreyfingu öreigalýðsins og sköpunarmátt hennar. Hann *trúir* því að þessi hreyfing muni á endanum vinna bug á öllum takmörkunum sem hamla baráttu hennar.

Í *Kommúnístaávarpinu* segir að baráttu öreigalýðsins við borgarastéttina hefjist „á þeirri stundu er hann verður til“, en þræði svo „margvísleg þroskaskeið“.<sup>15</sup> Ekki er þarna fjallað um þá örðugleika sem framleiðsluauðmagnið stríðir við í fyrstu að knýja verkafólk til þess að vinna langan og ábatasaman vinnudag,<sup>16</sup> heldur er gengið

14 „Bráðabirgðalög Alþjóðasambandsins“, í Marx og Engels, *Úrvalsrít*, II. bindi, bls. 217.

15 Marx og Engels, *Kommúnístaávarpið*, bls. 187.

16 Sjá um það efni frábærar athuganir í Marx, *Capital*, I. bindi, 10. kafla.

út frá því að hin efnahagslega nauðung sem rekur fólk til að selja vinnuafli sitt sé þegar til staðar, svo og að verkafólkinu hafi lærst á vinnuagi sem kapítalísk framleiðslustarfsemi byggist á. Innbyrðis sundrung og samkeppni gerir stéttinni framan af erfitt um vik að standa vörð um líf skjör sín, og þau verða úr hófi ótrygg; eina leiðin til að bæta hér úr er samtakamyndun sem stuðlar að vörn vinnulauna og annarra hagsmunamála verkafólks. Síðar gera verkamenn „jafnvel með sér varanleg félagasamtök til að afla vista ef í hart fer“.

Öðru hvoru sigrá verkamenn, en það eru skammvinnir sigrar. Mikilvægasti árangurinn í skærum þessum er ekki fólgin í sigrum líðandi stundar, heldur í *útbreiðslu verkalyðssamtakanna*. [...] [Þ]að þarf ekki annað en að tengja þessi bönd til þess að hinar mörgu launadeilur sem alls staðar eru sama eðlis, verði að alþjóðarbaráttu, stéttarbaráttu. En *öll stéttarbarátta er pólitísk barátta*.<sup>17</sup>

Eftirtektarverð er sú gríðarlega áhersla sem þarna er lögð á *gildi skipulagsins*, þ.e. samtaka öreigalyðsins, svo og sú hugmynd að öll barátta sem verkalyðurinn heyr *sem stétt sé* bókstaflega ekkert annað en bein eða óbein barátta um völdin í samfélaginu, þ.e. pólitísk barátta. Orðalag Marx á þessum stað er engin hending, og í fullu samræmi við það segir hann líka um samkeppni verkamanna innbyrðis að hún sundri hvað eftir annað „viðleitni þeirra að skipuleggja sig sem stétt, og þar af leiðandi, í pólitískan flokk“.<sup>18</sup> Þessi hugsun er ekki nánar skýrð sérstaklega í *Kommúnistaávarpinu*, en um hana er víðar fjallað, og einna skýrast í þessum orðum:

... hver sú baráttuhreyfing verkalyðsstéttarinnar þar sem hún tekst á við ríkjandi stéttir *sem stétt* og reynir að þvinga þær með þrýstingi utan frá er pólitísk hreyfing. Til dæmis er það hrein fagleg barátta þegar reynt er með verkföllum í einhverri tiltekinni verksmiðju eða jafnvel iðngrein að knýja einstaka kapítalista til að stytta vinnudaginn. Baráttuhreyfing fyrir því að koma átta stunda

17 Marx og Engels, *Kommúnistaávarpið*, bls. 188–189. Leturbreytingar eru hér mínar.

18 Sama rit, bls. 189. Þýðingu breytt til að halda umræddri ítrekun til skila.

vinnudegi o.þ.h. í lög, er *pólítísk hreyfing*. Og á þennan hátt vex hvarvetna fram úr sundraðri faglegrri baráttu verkalyðsins *pólítísk hreyfing*, þ.e.a.s. *stéttarhreyfing*, sem einsetur sér að knýja fram hagsmuni sína í formi samfélagslegrar þvingunar. Hreyfingar af þessu tagi byggjast á því að nokkurt skipulag sé til staðar áður, en jafnframt eru þær svo tæki til að þroska þetta skipulag frekar.<sup>19</sup>

Þegar Marx er lesinn verða menn vitanlega að vera minnugir þess við hvaða sögulegar aðstæður hann skrifaði; verkalyðshreyfingin er enn mjög ung og samtök hennar í burðarliðnum, engu skrifræði, „verkalyðsaðli“ eða umbótasinnuðum flokkum er þannig til að dreifa, og orðið „flokkur“ er raunar notað í miklu losaralegri merkingu en nú tíðkast – það merkir nánast sama og „hópur“, en að vísu hópur sem *kemur fram sem hópur*, athafnar sig sem slíkur (*Partei* í þýsku, *parti* í frönsku, *party* í ensku, o.s.frv. – orðið er dregið af latneska orðinu *pars* sem ekki þýðir annað en hluti). Byltingin er hjá Marx ekki skoðuð sem neitt sérkenni kommúnista, heldur sem eðlilegt lokamark allra samtaka verkafólks – þau miða einfaldlega að því að brjótast út fyrir ramma auðmagnsskipulagsins. En hvaða sérstöðu gegna þá kommúnistar eiginlega? Ekki þeirri að þeir séu „sérstakur flokkur gagnvart öðrum verkamannaflokkum. Þeir eiga engra hagsmuna að gæta sem ekki eru hagsmunir alls öreigalyðsins“.<sup>20</sup> Stéttin er nefnilega í heild ekki tengd auðmagnsskipulaginu neinum hagsmunaböndum, og kommúnistar hljóta því fyrst og fremst að vera virkur *hluti* af hreyfingu hennar, *þátttakendur* í hversdagslegri baráttu stéttarinnar. Ef heil stétt á að geta náð og haldið pólitískum völdum ræður eining hennar algjörum úrslitum, og kommúnistar þurfa því fyrst og fremst að starfa innan stéttarinnar og ávinna sér traust hennar. „Kommúnistar berjast fyrir markmiðum og hagsmunum verkalyðsstéttarinnar á liðandi stund,“ en vel að merkja: „í hreyfingu nútímans eru þeir um leið fulltrúar hreyfingarinnar í framtíðinni“,<sup>21</sup> og nánar tiltekið skilur það eitt að kommúnista og aðra „flokka“ öreigalyðsins

19 Marx og Engels, „Bréf Marx til Boltes“, 23. nóvember 1873, *Úrvalrit II*, bls. 351. Þýðingu verulega breytt.

20 Marx og Engels, *Kommúnístaávarpið*, bls. 194.

21 Marx og Engels, *Kommúnístaávarpið*, bls. 221.

að í verkalýðsbaráttu hvernar þjóðar leggja þeir áherslu á hina almennu hagsmuni öreigalýðsins sem óháðir eru öllu þjóðerni. Á hinum mismunandi þróunarskeiðum í stétta-  
baráttu öreigalýðs og borgara túlka þeir jafnan hagsmuni hreyfingarinnar í heild.<sup>22</sup>

Kommúnistar búa þannig yfir skýrari vitund en aðrir um það hvernig and-kapítalískum markmiðum *heilðarbreyfingarinnar* verði náð. Kommúnistar taka þátt í og læra af þeirri reynslu sem fæst í baráttu stéttarinnar, og *vinna jafnframt stöðugt að lokamarkmiði sem kemur og fer hjá öðrum stéttarmeðlimum*, ef svo má segja (annars væri stöðugt byltingarástand).

Á einum stað kemst Marx svo að orði að „hlutverk okkar“ sé „meðvitund þátttaka í því sögulega ferli samfélagsbyltingarinnar [...] sem á sér stað fyrir augum vorum“.<sup>23</sup> Áherslan á hlutverulegt eðli byltingarhreyfingarinnar er vissulega sláandi, og áreiðanlega engin tilviljun – við höfum þegar séð hvernig Marx þrástagað á því að um „raunverulega hreyfingu“ sé að ræða sem „fer fram fyrir augum vorum“, o.s.frv. Ef menn vilja er hægt að snúa orðalagi sem þessu upp í ósköp einfaldan þvætting, nefnilega þá hugmynd að hlutverk kommúnista sé meðvitund þátttaka í því sem gerist hvort sem er, en með hliðsjón af öðru sem Marx skrifar virðist eðlilegra að álykta að byltingin verði þrátt fyrir allt ekki leidd til lykta nema ákveðin *huglæg* skilyrði séu einnig uppfyllt, þroski byltingaraflanna sem svo mætti kalla, og engin trygging er fyrir því að hann sé til staðar á úrslitastundum. Byltingin er þannig meðvitaður verknaður.

[Þ]essi bylting er þess vegna nauðsynleg ekki einungis fyrir þá sök að *ráðastéttinni* verður ekki kollvarpað öðruvísi, heldur og vegna þess að stéttin sem *kollvarpar* henni getur einungis í byltingu tekist að losna við allan óhroða aldanna og orðið fær um að endurskapa samfélagið.<sup>24</sup>

Ekki fer samt á milli mála að hjá Marx hvílir áherslan jafnan fremur

22 Marx og Engels, *Kommúnistaávarpið*, bls. 194.

23 *Herr Vogt* [1860], tilv. hjá David McLellan, *Karl Marx: A Biography*, London: Palgrave, 2. útg. 1995, bls. 142.

24 Marx og Engels, *Þýska hugmyndafræðin*, bls. 77. Þýðingu breytt.

á hlutverulegu eðli þróunarinnar, því hvernig gangur auðmagns- skipulagsins sjálfs stuðlar að uppgangi byltingarhreyfingarinnar, svo jaðrar við „sögulega nauðsyn“, eins konar örlög eða fatalisma.<sup>25</sup> Þessi áhersla dylur jafnframt túlkunareðli skilnings Marx á inntaki verkalýðsbaráttunnar: túlkunarlykill hans – sú hugmynd að hún miði að því að sameina aftur svið efnahags og stjórn mála, einstaklings og félagseðlis, í sósíalímanum sem „sjálfsstjórn framleiðendanna“ – hverfur sýnum á bak við allar „staðreyndirnar“.

Marx hafði úr sáralítilli byltingarreynslu að móða, en gekk að því vísu að kreppeaðstæður framkalli ákveðin viðbrögð af hálfu auðmagnsins, og síðan varnarbaráttu og andsvör af hálfu verkafólks. Allt fram til 1850, t.d. í *Eymd heimspekinnar, Launavinnu og auðmagnis* og *Kommúnistaávarpinu*, vinnur Marx út frá þeirri forsendu að kapítalísminn hafi þegar tæmt þróunarmöguleika sína, og „uppreisn framleiðsluaflla nútímans gegn framleiðsluháttum nútímans“ hafi staðið í áratugi; til marks um það hefur hann sér í lagi „verslunarkreppurnar sem steðja að með jöfnu millibili, æ voveiflegri, og tefla allri tilveru hins borgaralega samfélags í tvísýnu“. Hina stórbrotnu rökleysu sem brýst fram í offramleiðslukreppunum – „samfélagsfar-sótt sem öllum fyrri öldum hefði virst ganga brjálæði næst“ – hefur hann til marks um að „[f]ramleiðsluöflin sem borgarastéttin ræður yfir“ geti „ekki lengur unnið eignahagsskipan hennar til gagns eða þrifa“.<sup>26</sup>

Afstaða Marx og Engels í byltingarhræringum þeim sem urðu árið 1848 um nær alla Evrópu miðaðist í fyrstu einkum við það að styðja í Þýskalandi (og víðar) framgang róttækustu lýðræðisafllanna og stuðla þannig að bættum skilyrðum til eiginlegrar sósíalískrar baráttu, en þegar á leið varð þeim æ ljósara að þetta útheimti algjört skipulagslegt og pólitískt sjálfstæði verkalýðshreyfingarinnar – taglhnýtingur borgaralegra aflla mátti hún ekki verða. Í ávarpi Miðstjórnar til Kommúnistabandalagsins frá því í mars 1850 setja þeir svo fram stjórnlist samfelldrar byltingar sem þeir kölluðu svo.<sup>27</sup>

25 Sbr. John Molyneux, *Marxism and the Party*, London: Pluto Press, 1976, 1. kafla.

26 Marx og Engels, *Kommúnistaávarpið*, bls. 183–184.

27 Ávarp þetta er til á íslensku, prentað sem viðauki í riti Kent-Áke Anderson, *Litla rauða rósín*, Rvk. 1975. Hugmyndina um samfellda byltingu útfærðu ýmsir marxistar nánar löngu síðar, og frægust er kenning Trotskís.

Hún byggir á því að alþjóðleg víxláhrif byltinganna muni leiða til þess að verkalýðshreyfingin verði hvarvetna helsta forystuaflíð, og inntak byltinganna því sósíalískt, einnig þar sem þróun auðmagnsskipulagsins var enn skammt á veg komin. Þessi greining Marx og Engels hvíldi á væntingum þeirra um að ný kreppa færi að gera vart við sig hvað úr hverju. En kreppan lét standa á sér, og við athugun fór að renna upp fyrir Marx að auðmagnsskipulagið ætti enn ótæmda þróunarmöguleika, og að hinar reglubundnu viðskiptakreppur (viðskiptasveiflur) jafngildi ekki sögulegri úlfakreppu framleiðsluháttarins sjálfs.<sup>28</sup>

## Marxisminn og heimspekin

Marx dó 1883, Engels tólf árum síðar, og sá síðarnefndi hafði veruleg áhrif á Annað alþjóðasambandið sem stofnað var 1889, einkum þýska flokkinn sem stækkaði fljótt gríðarlega þrátt fyrir að stjórnvöld gerðu hvað þau gátu til að stemma stigu við vexti hans. Þýski sósíaldemókrataflokkurinn var því fyrirmynd annarra flokka sambandsins. Túlkunarhefðir um verk Marx hafa raunar sjálfar öðlast veruleg áhrif í sögulegri framvindu, að því leyti sem þær urðu rótgróinn hluti af hugmyndafræði marxískra hreyfinga – flokka, samtaka og loks ríkja. En hvað sem því líður hljótum við alltaf að gera einhvern greinarmun á arfleifð Marx sjálfs og marxismanum, þótt ekki sé nema vegna þess að Marx var ekki fylgismenn sínir. Enn brýnna er þetta fyrir þá sök að varla er umdeilanlegt lengur að túlkun hinna fyrstu kynslóða marxista á höfundarverki Marx var verulega ábótavant, og þá ekki síst hvað heimspekilegar forsendur þess varðar.

28 Sjá um þetta samantekt Engels í formála að „Stéttabaráttunni í Frakklandi“ eftir Marx, *Úrvalrit*, II. bindi, bls. 11–13. Ítarlegri fróðleik um afstöðu Marx og Engels til byltinganna 1848 er til dæmis að finna hjá David Fernbach, í inngangi að Marx, *Revolutions of 1848*, Harmondsworth: Penguin, 1973; hjá Boris Nicolaevsky, *Karl Marx: Man and Fighter*, Harmondsworth: Penguin, 1976; og David Riazanov, *Karl Marx and Friedrich Engels*, New York: Monthly Review Press, 1973. Rúmsins vegna læt ég vera að fjalla hér um Fyrsta alþjóðasambandið og svo Parísarkommúnuna (1871), en um kommúnuna er skylt að benda á verk Marx, „Borgarastríðið í Frakklandi“, *Úrvalrit*, II. bindi, bls. 221–293.

Rétt er að skýra þetta nokkru nánar; þarna kom raunar margt til. Einn þátturinn er tvímælaust sú staðreynd að Engels skrifaði miklu meira um heimspeki en Marx, og talsverður tími leið áður en túlkendur fóru almennt að gera sér grein fyrir því að skrif Engels gætu hér ekki veitt nema takmarkaða leiðsögn. Uppistöðuhugmynd hjá honum er að byggja á díalektískri efnishyggjufrumspeki þar sem efnið er að endingu eini veruleikinn, en óafturhverf framvinda jafnframt skilgreiningaratriði um það – hreyfingin er tilveruháttur efnisins. Hana reynir Engels svo aftur að skilja í veru díalektískra lögmála sem hafi almennt gildi fyrir hlutverulega heild náttúrunnar, alls veruleikans.<sup>29</sup> Erfitt hefur reynst að útkljá hin margvíslegu túlkunarlegu álitamál sem tengjast samvinnu manna tveggja, og hafa næsta undarlegar öfgar ráðið þar mjög ferðinni. Fræðimenn Annars alþjóðasambandsins töldu margir að þeir hefðu einfaldlega hugsað sem einn maður, jafn fráleitt og það nú er, og aðfarir Sovétmarxismans voru yfirleitt á sömu lund. Eðlilega fóru menn smám saman að draga þetta í efa, en ýmsir gagnrýnendur vildu ganga miklu lengra, og gera þá Marx og Engels beinlínis að heimspekilegum andstæðingum. Það fær ekki staðist, enda vissi Marx vel af hugmyndum Engels um díalektík náttúrunnar alveg frá öndverðu og andmælti þeim hvergi svo vitað sé, auk þess sem hann las alla bók Engels *Anti-Dübring* í handriti og skrifaði sjálfur einn kafla hennar (um sögu hagfræðikenninga). Þá er mjög ótrúverðugt að Marx hafi verið á öndverðum meiði við félaga sinn um heimspekileg grundvallaratriði án þess að sá ágreiningur komi nokkurs staðar fram – þögnin verður óskiljanleg, og í engu samræmi við neinar þær hugmyndir sem við getum gert okkur um persónuleika Marx. Sumpart

29 Engels tókst ekki að setja þessar hugmyndir fram fullbúnar; en sjá handrita-safnið *Dialectics of Nature*, Moskvu: Foreign Language Publishing House, 1954 (fyrst útgefið 1925). Inngangur verksins er til á íslensku; sjá Marx og Engels, *Úrvalrit*, I. bindi, bls. 329–345; einnig „Þáttur vinnunnar í þróuninni frá apa til manns“, *Réttur*, 3/1989, bls. 112–124. Þessar hugmyndir koma einnig fram í verki Engels frá 1888, „Ludwig Feuerbach og endalok klassísku þýzku heimspekinnar“, Marx og Engels, *Úrvalrit*, I. bindi, bls. 282–324; og í „Þróun sósíalísmans“, *Úrvalrit*, I. bindi, bls. 62–123 – sjá einkum bls. 65 og áfram, 97–105. Síðasttalda verkið á rætur að rekja til stærra ritdeiluverks, þar sem ítarlegar er farið í saumana á heimspekinni – og það hafði gríðarleg áhrif á fyrstu kynslóðir marxista: *Anti-Dübring*, Moskvu: Foreign Language Publishing House, 1959, sérlega bls. 53–199.

eru viðfangsefni Engels líka tvímælalaust mikilvæg af sjónarhóli Marx, t.d. tilraunir hans til að átta sig á venslum náttúrusögunnar og mannkynssögunnar.

Mun sennilegra virðist mér að Marx hafi ekki mótað endanlega afstöðu til heimspeki Engels, enda hafa þrjár góðar ástæður hið minnsta legið til varfærni þar um. Í fyrsta lagi að þessar hugmyndir Engels og röksemdir voru enn í mótun og engan veginn fullbúnar; í annan stað hafði Marx sáralítið fengist við heimspeki áratugum saman þegar þarna var komið sögu,<sup>30</sup> og í þriðja lagi hefur vafalaust haldið aftur af Marx að Engels var einfaldlega miklu betur að sér um náttúruvísindi en hann sjálfur. Á einum stað í *Auðmagninu* virðist Marx að vísu gefa hugmyndinni um „díalektík náttúrunnar“ undir fótinn,<sup>31</sup> en ekki verður séð að hann noti þá hugmynd nokkursstaðar í verkum sínum, og til dæmis útlistar hann aldrei „díalektík“ mannkynssögunnar sem sérhæft tilfelli almennari náttúrulegrar díalektíkur, heldur vinnur út frá hugmynd sinni um mannlega vinnu og félagslega verufræði sem af henni var dregin. Náttúruvísindi skoðar hann eindregið sem félagssögulega afurð, og gagnrýnir dólga-efnishyggju náttúruvísindamanna harðlega. „Veikleikar hinnar sértæku efnishyggju náttúruvísindanna, efnishyggju sem úthýsir söguferlinu, sjást á augabragði hvenær sem talsmenn hennar hætta sér út fyrir sérsvið sitt“.<sup>32</sup>

Það fer ekki á milli mála að heimspeki Engels varð uppistöðuþáttur í marxisma helstu fræðimanna Annars alþjóðasambandsins og sömuleiðis Alþjóðasambands kommúnista (Þriðja alþjóðasambandið), sem stofnað var í Moskvu 1919. Þessi áhrif verður þó að skoða í stærra samhengi, og það væri fráleitt að gera einhvern

30 Engels fékk hugmyndina að díalektík náttúrunnar vorið 1873. Marx tók heimspekileg efni aldrei beinlínis til umfjöllunar eftir 1844, en endurlas að vísu *Rökfræði* Hegels um 1857–1858.

31 Marx, *Capital I*, bls. 423. Atriðið sem þarna er um að ræða, nefnilega lög málið um breytingu megingar í eigind, nægir þó varla eitt sér til að taka af vafa um hvar Marx hafi staðið gagnvart hugmyndum Engels, enn frekar vegna þess að eitt grundvallarlögmálið hjá Engels, hin svokallaða „neitun neitunarinnar“, er hugmynd úr forum Hegels sem Marx beinlínis hafnaði frá og með 1843.

32 Sama rit, bls. 493–494n. Rétt er að taka fram að Engels hafði einnig ýmislegt við efnishyggju náttúruvísindamanna síns tíma að athuga, en óvíst að forsendurnar séu þær sömu.

allsherjar sökudólg úr Engels, og rekja t.d. beint aftur til hans þann skilning á marxísmannum sem síðar varð opinber hugmyndafræði stalinísku alræðisstjórnarinnar; enda stuðlaði fleira að skilningsleysi á heimspekilegum rótum Marx en gallarnir á heimspeki Engels, þótt þeir hafi vissulega skipt máli. Áhrifavald Engels er einmitt best skilið í samhengi ákveðinna hugmyndasögulegra umskipta: annars vegar hvarf „díalektísk“ heimspeki í anda Hegels nær alveg af sjónarsviðinu í Pýskalandi eftir byltingarnar 1848, og sú nýkantíska heimspeki sem tók smám saman stað hennar var af allt öðru tagi;<sup>33</sup> hins vegar jókst vegur pösítívísks vísindaskilnings og nátengdrar framfarahyggju um allar lendum. Svo rammt kvað að þessu að Marx kvartaði raunar sjálfur yfir skilningsleysi á aðferðum sínum, og harmaði að menn væru almennt farnir að líta á Hegel eins og „dauðan hund“. En með þessum hugmyndasögulegu umskiptum skapast sá andlegi jarðvegur sem heimspekilegt áhrifavald Engels birtist í og tók á sig mynd.

Loks skyldum við ekki gleyma þriðja þættinum sem lagðist á sveif skilningsleysis á inntaki hugmynda Marx, nefnilega því hvernig eða hvenær verk hans sjálfs komu fyrir almennings sjónir, enda birtust sum mikilvægustu verk hans, sem jafnframt hefðu best dugað til þess að kveða afdrifaríkar rangtúlkanir í kútinn, t.a.m. Sovétmarxismann, ekki fyrir en eftir dúk og disk. Tökum lítið dæmi: Lenín lést 1924, og sá því aldrei *Parísarhandritin*, *Pýsku hugmyndafræðina* eða *Grunndrögin*. En auk þessa skrifaði Marx eftir 1844–1845 varla neitt um eiginlega heimspeki annað en stakar athugasemdir á stangli, sem oft er ekki fyllilega ljóst hvernig beri að skilja, og frá heimspekilegu sjónarmiði eru þær auk þess með áberandi kæruleysislegu sniði, samanbornar við æskuverkin.<sup>34</sup>

Allt hlóð þetta undir hirðuleysi um heimspekilegar rætur Marx. Að sama skapi virtist sú skoðun að hann hafi verið fyrst og fremst hagfræðingur og „vísindamaður“ sennilegri, og vel að merkja: þegar leið á 19. öldina voru vísindi í sívaxandi mæli skilin pösítívískum skilningi.

33 Sbr. Karl Korsch, *Marxism and Philosophy*, London: Monthly Review Press, 1970, bls. 38 og áfram; Georg Lukács, *The Ontology of Social Being. 2: Marx*, London: Merlin Press, 1978, bls. 21.

34 Þessa er raunar þegar farið að gæta mjög verulega í áður tilvitnuðu riti frá seinni parti ársins 1844, *Fjölskyldunni helgu*, Marx og Engels, *Collected Works*, 4. bindi, bls. 7–211, en mestan hlut þess verks skrifaði Marx einn.

Jafnframt er því gerður skarpur greinarmunur á sósíalískum gildum hans og þessum vísindastörfum hans. Í þessu samhengi virtist þannig engin fjarstæða að fylla út í túlkunarráðgjafarann með framandi heimspökilegum kenningum, enda var það áberandi í röðum ýmissa helstu leiðtoga Annars alþjóðasambandsins; hjá mörgum gætti nýkantskra áhrifa, en aðrir reyndu að byggja á „díalektískum“ frumspökþvættingi Engels, þar sem áhrif pósitívískrar löghyggu eru alveg afdráttarlaus. Hér verður að fara fljótt yfir sögu, en hjá einum helsta fræðimanni Annars alþjóðasambandsins, Rudolf Hilferding, er til dæmis kveðið svona að orði – og lesendur geta sér til gamans spreytt sig á því að bera saman við þá sýn Marx sem áður var lýst:

Það er [...] rangt, sem víða er álitíð, *intra et extra muros*, að marxisminn sé einfaldlega sama og sósíalismi. Frá röklegu sjónarmiði er marxisminn, þegar hann er skoðaður einungis sem vísindalegt kerfi, og burtséð frá sögulegum áhrifum hans, aðeins kenning um hreyfilögmál samfélagsins. Marxísk söguskoðun setur þessi lögmál fram almennt, og í marxískri hagfræði er þeim svo beitt á tímaskeið vöruframleiðslunnar. [...] En það að fallast á gildi marxismans, og nauðsyn sósíalismans þar með, er ekki spurning um gildisdóm, ekki frekar en það er leiðarvísir til athafna. Því eitt er að viðurkenna nauðsyn, og allt annað að starfa í þágu hennar. [...] Enda þótt marxisminn sé frá röklegu sjónarmiði hlutlæg vísindi, óháð gildismati, hefur hann vegna hins sögulega samhengis hlotið að verða eign talsmanna þeirrar stéttar sem vísindalegar niðurstöður hans lofa sigri. Í þeim skilningi einungis er hann vísindi öreigalyðsins ....<sup>35</sup>

Árið 1923 komu út frægar bækur þeirra Georgs Lukács og Karls Korsch, *Saga og stéttarvitund* og *Marxisminn og heimspekin*. Þær voru um margt hliðstæðar, en þó ritaðar algerlega óháð hvor annarri, og höfundarnir kynntust eftir útgáfu bóka sinna.<sup>36</sup> Í báðum bókunum

35 Rudolf Hilferding, *Finance Capital. A Study of the latest phase of capitalist development*, London: Routledge, 1981 [1910], bls. 23–24.

36 Hedda Korsch, „Memories of Karl Korsch“, *New Left Review (I)* (76, nóv.–des. 1972), bls. 40–41.

var fólgin afdráttarlaus stuðningsyfirlýsing við rússnesku byltinguna, en jafnframt viðleitni til þess að kanna rætur þess „úrkyndaða“ marxisma sem tækifærisstefna Annars alþjóðasambandsins byggðist á, og í því sambandi var loks snúist gegn þeirri fráleitu áráttu að sækja heimspekilegar forsendur hingað og þangað og leiða hjá sér þær vísbendingar sem Marx þó gaf um heimspekilegar forsendur sínar. „Það var til dæmis talið mögulegt fyrir leiðandi marxískan fræðimann að fylgja Schopenhauer að málum í einkalegri heimspekíástundun sinni“, segir Korsch hneykslaður um blómaskeið Annars alþjóðasambandsins.<sup>37</sup> Þetta var á þeim tíma vissulega mikilvægt, að því leyti sem það má teljast lágmarkskrafa um virðingu fyrir frumtextunum að unnið sé skipulega úr þessum heimspekilegu vísbendingum.

Röksemdafærsla Korsch í *Marxísmannum og heimspekinni* varðar þá hugmynd Marx, sem fyrr var getið, að fræðikenning hans marki endalok heimspekinnar; hann minnir á að Marx og Engels skoðuðu það sem verkefni vísindalegs sósíalisma að yfirstíga ekki aðeins form og innihald borgaralegrar heimspeki, heldur allrar heimspeki yfirleitt.<sup>38</sup> Að áliti Korsch misskildu fræðimenn Annars alþjóðasambandsins þessa hugmynd illilega: þeir töldu yfirleitt að þarna hefði Marx einfaldlega varpað heimspekinni fyrir bord eða hætt að gera sér rellu yfir henni, en í raun sé um að ræða langvinnt samfélagsferli, næsta hliðstætt því hvernig ríkið átti að deyja út í framtíðarsamfélaginu;<sup>39</sup> sú fræðikenning sem leggur hagnýtan skilning í sjálfa sig er enn heimspekileg, sértæk gagnvart öðrum samfélagsfyrirbærum, og það þarf að raungera hana til að afnema þennan heimspekilega afgang hennar – með öðru orðalagi, heimspekilegt eðli hennar hverfur ekki fyrr en hún rennur eðlilega saman við hina nýju samstæðu samfélagsheild, sem fræðilegt horf mannglegra athafna. Innsæi Korsch er þarna með besta móti, en túlkun hans á Marx stenst þó illa nánari athugun. Hún byggir mjög verulega á framsetningu Marx í texta frá 1843,<sup>40</sup> og er að því leyti ósannfærandi að hann neyðist til þess að líta framhjá þeirri staðreynd að Marx fjallaði einatt af áberandi léttúð um

37 Karl Korsch, *Marxism and Philosophy*, London: NLB, 1970, bls. 33.

38 Sama rit, bls. 30–31.

39 Sama rit, *Marxism and Philosophy*, bls. 52.

40 Sama rit, *Marxism and Philosophy*, bls. 75–76.

heimspekileg efni eftir 1844–1845. Í raun hafði hugmynd Marx um endalok heimspekinnar breyst í millitíðinni, enda fylgdi fyrri afstöðu hans sá galli að heimspekin birtist einmitt sem sjálfstætt hugmyndalegt afl sem verkalýðshreyfingin þurfti aðeins að tileinka sér<sup>41</sup> – ekki sem díalektískur þáttur (þ. *Moment*) samfélagsheildarinnar. Keppikefli sínu, raunverulegri einingu fræða og starfs, hafði Marx því augljóslega ekki náð, þessi fyrsta úrlausn hans er of yfirborðskennd. Hann reynir þess vegna nýja úrlausn, nefnilega þá að banda heimspekinni frá sér á hliðstæðan hátt og trúarbrögðunum, og skoða kenningar sínar einfaldlega sem fræðilega tjáningu baráttuhreyfingar verkafólks, eins og ég gat um áður – og þessi sögulegu vísindi marka þannig einmitt endalok heimspekinnar. Þá hlið niðurstaðna sinna rökstuddi Marx þó aldrei á viðunandi hátt, sem naumast er nokkur hending, því slíkur rökstuðningur hefði alltaf orðið heimspekilegur; aðeins hélt hann því fram að úr gildi hinnar nýju fræðikenningar fengist aðeins skorið í verki, í sögunni. Meðan hún brýst ekki fram á sviði sögunnar virðist Korsch þó hafa rétt fyrir sér í því að hún sé heimspekilegs eðlis.

Bók Lukács, *Saga og stéttarvitund*, er efnismikið ritgerðasafn, og tvímælalaust eitthvert snjallasta rit marxismans á 20. öld. Bein áhrif Hegels eru hvarvetna sýnileg í bókinni, og líklega er það nú ekki síst þeirra vegna að Lukács kom auga á fræðileg samhengi hjá Marx, sérstaklega fíringarhugmyndina, sem aðra óraði þá ekki fyrir, en urðu lýðum ljós þegar æskuverk Marx fóru að birtast nokkrum árum síðar.<sup>42</sup> Frá heimspekilegu sjónarmiði má segja að Lukács takist á við svipaðan vanda og Hegel forðum, nefnilega þá yfirgripsmiklu heimspekilegu tvíhyggju, t.d. um hugsun og veru eða sjálfsveru og hlutveru, um frelsi og nauðsyn eða orsakir og tilgengi, staðreyndir

41 Karl Marx, „Gagnrýni á réttarheimspeki Hegels. Inngangur“, ísl. þýð. væntanleg hjá HÍB. Sjá um þetta umfjöllun C. J. Arthur, *Dialectics of Labour: Marx and His Relation to Hegel*, Oxford: Blackwell, 1986, bls. 111–112.

42 György Lukács, *History and Class Consciousness. Studies in Marxist Dialectics*, Cambridge Mass.: MIT Press, 1971. Um fíringu vinnunnar, sjá bls. 87, til dæmis. Einnig er til þrýðileg sænsk þýðing: *Historia och klassmedvetande. Studier i marxistisk dialektik*, Stokkhólm: Bo Cavefors, 1968. Þá hefur ein ritgerð bókarinnar verið íslenskuð, „Hvað er rétttrúnaðar-marxismi?“, í Róberti Jack og Ármanni Halldórssyni (ritstj.), *Hvað er heimspeki?*, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2001, bls. 183–209.

og gildi, o.s.frv. sem varð svo ógn fyrirferðarmikil samhliða vexti nútíma vísinda. Rithöfundar klassísku þýsku hughyggjunnar á síðari hluta átjándu aldar og í upphafi þeirrar nítjándu, þeir Kant, Fichte, Schelling og Hegel, glímdu allir við vandamálin sem tvíhyggjunnar fylgdu, og Kant ræddi t.a.m. um „gagnkvæður“ (antinómíur) í því sambandi. Lukács ræðir viðleitni þeirra í *Sögu og stéttarvitund* undir fyrisögninni „gagnkvæður borgaralegrar heimspeki“, enda taldi hann að þessum djörfu hugsuðum hafi að endingu öllum mistekist ætlunarverkið vegna takmarkana borgaralegs sjónarhóls.<sup>43</sup> Um mikilvægi þess að leysa úr tvíhyggjuvandanum er hann hins vegar jafn sannfærður og þeir: sýna verður fram á að frelsi eða sjálfræði manneskjunnar sé ekki bara eins og hvert annað hugarvingl í löggengum (eða vélengum) heimi nútíma vísinda, heldur raunverulegt afl í heiminum, og staðreyndir að sínu leyti einnig sköpunarverk sjálfsverunnar í einhverjum skilningi.

Til þess að losna úr viðjum tvíhyggjunnar virðist þurfa að binda saman, finna einingu, hvernig sjálfsveran og hlutveran eru eitt. Klassísku rithöfundarnir þýsku gefa sér þá frumreglu að sjálfsveran geti ekki þekkt annað en það sem hún hefur sjálf skapað.<sup>44</sup> Því er sem sé hafnað að heimurinn sé hugsanlegur sem eitthvað utan sjálfsverunnar, enda væri þá aftur komin tvíhyggjan sem fordást átti. Aldrei tekst þó að losna alveg við leifarnar af því sem Lukács nefnir (að fordæmi Kants) hlutinn-í-sjálfum-sér. Hegel náði mestum árangri, og úrlausn hans, andinn, þýddi að eining sjálfsveru og hlutveru vísaði nú til sögulegrar framvindu, en var ekki bundin við fagurfræðilega sviðið. Heimspeki hans er þó að dómi Lukács „sértæk“, enda byggji hún ekki á fullnægjandi *sögulegum sjálfskilningi*.<sup>45</sup> Hann álitur í stuttu máli að hlutgerving auðmagnsskipulagsins (sjá hér síðar) sé ásteytingarsteinninn, og vandinn verði alls ekki leystur á skilmálum auðmagnsskipulagsins, með heimspeki sem aðeins túlkar heiminn en breytir honum ekki.

Lukács kennir sig við díalektíska hugsun, líkt og þeir Hegel og Marx, og því fylgir umfram allt heildarhyggja. Heildarsamhengi fyrirbæra er hér hluttækt (konkret), en einstakar, afmarkaðar stað-

43 Lukács, *History and Class Consciousness*, bls. 110–149.

44 Sama rit, bls. 121–122.

45 Sama rit, bls. 145–149; sbr. það sem áður sagði um uppgjör Marx við Hegel.

reyndir – „particular ideas“ raunhyggjunnar – sértækar (abstrakt): enda séu þær sértæknar frá samhenginu sem mótar þær og ljær þeim merkingu. Meginþorri hins hegelíska orðfæris Lukács tengist einmitt þessari hugsun: hluttækur skilningur, skilningur á raunveruleikanum, fæst þegar fyrirbærið er skoðað sem „þáttur“ (þ. *Moment*) í heildarframvindu, og þá er skilningnum á því „miðlað“ (þ. *vermittelt*) um heildina. Hjá Lukács verður miðlunarhugtakið þannig ekki bundið við einhvers konar álög hugans.<sup>46</sup> En á hinn bóginn hafnar Lukács gersamlega hugmyndum um díalektík náttúrunnar og átelur Engels fyrir að fylgja þar villandi fordæmi Hegels.<sup>47</sup> Hjá Lukács er sú hugsun díalektísk sem tekur til heildarframvindu samfélagsins, þ.e. raunveruleikans, og er sjálf virk og þannig að vissu leyti skilgreiningaratriði um raunveruleikann. Heildin er m.ö.o. aðalatriði þeirrar – díalektísku – aðferðar sem Lukács telur eiginlega sérstöðu „sanns“ marxisma, og hún er söguleg afurð, mannaetning; aðferðin er virk, og þetta heildarsjónarmið (hið eina sem unnt er að telja algilt) bundið einstæðri sögulegri byltingarhreyfingu öreigalýðsins.<sup>48</sup> Öreigalýðsbyltingin er eina sanna lausnin á gagnkvæðunum. Öreigalýðurinn berst um brauðið sem stétt, og öðlast jafnframt – virka – vitund um sjálfan sig sem stétt, svo stéttarstaða hans verður naumast lengur lögð að jöfnu við hlutverulega afstöðu til auðmagnsins eina saman. Sjálfsvitund öreigalýðsins er stéttarvitund, og stéttarvitundin kallar á heildarskilning sem verður að endingu óumflýjanlegt skilyrði athafna öreigalýðsins. „Sjálfskilningur öreigalýðsins er því jafnframt hlutlægur skilningur á eðli samfélagsins. Þegar öreigalýðurinn kemur fram stéttarlegum markmiðum sínum raungerir hann jafnframt á meðvitaðan hátt – hlutlæg – markmið samfélagsins“.<sup>49</sup> Lukács gerir einnig greinarmun á empírískri vitund öreigalýðsins og þeirri vitund sem unnt sé að ætla honum með hliðsjón af einstæðri samfélagsstöðu hans og svarar til þess að sjálfsveran og hlutveran eru orðin eitt.<sup>50</sup>

Hann teflir díalektík, eða marxískum hugsunarhætti, hér einkum

46 Lukács, *History and Class Consciousness*, bls. 150, 162–163, 169; sjá einnig eftirþanka hans, bls. xxvi.

47 Sama rit, bls. 24n, 142; sjá einnig bls. 131–133.

48 Sama rit, bls. 27.

49 Sama rit, bls. 149. Sjá einnig til dæmis bls. 23 og 171.

50 Sama rit, bls. 51.

gegn *Reflexion* eða íhugun, borgaralegum hugsunarhætti, eða m.ö.o. því sem okkur er tamt að telja vísindi.<sup>51</sup> Þegar hugsunin íhugar viðfang sitt, breytir hún því ekki þar með; enn er það utan hugsunarinnar, andlag hennar. Hjá Hegel var íhugunin að vissu leyti skref í rétta átt: hugsunin losnar úr spennitreyju verunnar, miðlunarlauss, tóms sértaks, sem raunar er nánast ósegjanlegt, því allar einkunnir skortir. Hegel notar orðið tilvera um svið fyrirbæra eða birtingar (þ. *Erscheinung*), þar sem eitthvað fer að koma í ljós eða bera fyrir okkur, en þá fylgir að greina þarf sýnd frá eðli máls og kemur þar til kasta íhugunarinnar. Hún mótast svo aftur af skilorðsbáttum sem eru formrökfræðilegs eðlis. En Lukács leggur miklu minna upp úr jákvæðum hliðum íhugunarinnar, skilningsbót hennar. Hjá honum svarar tilvera hins borgaralega þjóðfélags, hinar gefnu, „náttúrulegu“ og sundurlausu staðreyndir, til sjónarhóls íhugunarinnar. Hann gefur í skyn að íhugun sé gild aðferð í náttúruvísindum, og virðist setja hana í ný-kantískt sambengi að því leyti sem hún miðar við sértækar löggengisskýringar, sem Dilthey og Rickert höfðu greint frá aðferðum í menningar- eða hugvísindum (túlkunarskýringar). Hinn borgaralegi hugsunarháttur yfirfærir löggengi náttúruvísinda á raunveruleikann, þ.e. þjóðfélagið, sem þar með er hlutgert. Það telur Lukács að sé engin hending, heldur spretti það af gangi auðmagnsskipulagsins sjálfs og hvernig manneskjur reyna það. Hér styðst hann við útlitun Marx í *Auðmagninu* á blætiseðli vörunnar: auðmagnsskipulag framleiðslunnar hefur í för með sér eins konar hlutgervingu, það að afstæður milli manna birtast sem afstæður milli hluta/afurða eða dularfyllar eigindir sem vörunnar búa yfir.<sup>52</sup> Forsetningar manna, sem jafnan byggja á hlutskilningi (þ. *Vorstellungen*), eru þannig nátengdar framleiðsluskipan auðmagnsins.

Lukács skipar heildarhugtakinu eins og áður sagði í öndvegi. En við nánari athugun þess koma alvarlegar veilir í ljós. Ef öreigalýðurinn er hugsaður sem jafngild sjálfsvera-hlutvera söguferlisins verður heildin ekki annað en tjáning öreigalýðsins, hans verk, og því virðist um eins konar tjáningarheild („expressífa“ heild) að ræða.

51 Um þetta fjallar Lukács töluvert í fyrstu ritgerð bókarinnar, „Hvað er rétttrúnaðar-marxismi?“

52 Þessi kafli *Auðmagnsins* er til þýddur í fyrra bindi *Úrvalrita* Marx og Engels, bls. 210–223. Hann gegnir lykilhlutverki hjá Lukács, sbr. *History and Class Consciousness*, bls. 83.

Þessu verður trauðla unað. En meinið er það að vandinn tekur beinlínis til úrlausnar Lukács á gagnkvæðum borgaralegrar hugsunar, og grefur því undan allri rökbyggingu verksins, sem tekur öll mið af því sem Lukács taldi frumforsendu þýsku hughyggjunnar, setningu sem Giambattista Vico hafði raunar orðað skemmtilega, *verum et factum convertentur* – eða satt og gjört er eitt, eins og kannske mætti þýða hana: sjálfsveran þekkir eigin sköpunarverk betur en það sem henni er framandlegt að eðli og uppruna.<sup>53</sup>

Þegar Lukács skrifaði bók sína hafði nýkantisminn eins og áður sagði um skeið ráðið ríkjum í þýskri heimspeki, og skar hann sig því nokkuð úr myndinni með allan sinn hegelíska farangur. Þegar hann talar um „gagnrýni“ er það nokkuð tvíeggjað. Annars vegar heldur hann sjálfur fram gagnrýninni fræðikenningu, eins og ljóst ætti að vera af framansögðu; því kenningar hans miða ekki síst að afhjúpun „hugmyndafræði“ eins og Marx hefði orðað það, og byggja sem slíkar á öðrum vísindaskilningi en þeim sem viðtekinn er. Hins vegar notar hann orðið „gagnrýni“ oftsinnis í háðskum tón og vísar þá gjarnan til afturhvarfs samtímamanna sinna til hins „gagnrýna“ skeiðs Kants (t.d. *Gagnrýni breinnar skynsemi*, 1781, og *Gagnrýni virkrar skynsemi*, 1788), en sömuleiðis vísar hann til endurskoðunarstefnu Eduards Bernstein, sem miðaði að hægfara umbótum á auðmagnskipulaginu, og jafnframt í raun aðlögun sósíalískrar hreyfingar að gangverki þess. Lukács virðist að „gagnrýnin“ snúist hér tíðum upp í raunhyggju – þar sem allt uppgjör við hefðartrú og kennivald byggir á tilvísun í sundurlausar, hlutlægar staðreyndir – og því sé í raun, frá heimspekilegu sjónarmiði, haldið á vit hugmynda sem Kant einmitt gerði upp við; í samræmi við það setur hann „gagnrýni“ stundum í gæsalappir, til að undirstrika íroníuna.<sup>54</sup>

53 Sbr. Martin Jay, *Marxism and Totality. The Adventures of a Concept From Lukács to Habermas*, Berkeley: University of California Press, 1984, einkum bls. 32–37, 106–117. Tjáningarheildin reyndist afdrifarík í arfleifð hins svokallaða „vestræna marxisma“ eins og Jay rekur vel í bók sinni. Það var ekki síst nauðsyn þess að losna við hana sem rak Louis Althusser til þess að útfæra strúktúralískan marxisma, sbr. Althusser, *For Marx*, London: Allen Lane, 1969.

54 Lukács, *History and Class Consciousness*, bls. 38–39, 182. Næsta hliðstæða umfjöllun er að finna hjá Korsch, *Marxism and Philosophy*, bls. 63–64. Lukács undirstrikar að „gagnrýni“ endurskoðunarsinna byggist á endurvakningu

## Rætur rétttrúnaðar-rembingins

Nú er eitt að sýna frumtextum Marx virðingu, allt annað að skoða þá sem heilsteyptan *corpus* eða sannleiksbákn sem menn annaðhvort samþykkja eða hafna í heild. Eftir á að hyggja hlýtur að teljast undrunarefni að arfleifð Marx var svo almennt snúið upp í rétttrúnaðarspursmál, svonefndan „marxisma“, að mönnum reyndist hreinlega erfitt að nálgast hana öðruvísi, bæði „fylgismönnum“ hennar og „andstæðingum“. Það er svo sem varla efi á því að eitt og annað í arfleifð Marx greiddi götu þeirra sem vildu skoða hana á þennan einstrengingslega hátt. Í því sambandi skiptir mestu máli hinn hluthyggjukenndi skilningur Marx á verkalýðsbaráttunni, sem jafnframt er sjálfsskilningur hans – túlkunarforsendur hans hverfa sýnum í nýju afbrigði hlutgeringar. Það væri samt misráðið að rekja upptök rétttrúnaðar-rembingins til verka Marx sjálfs, af augljósum ástæðum: það var vel mögulegt að túlka þau í öðru ljósi, og umfang rétttrúnaðar-rembingins er svo ofboðslegt að fráleitt er að ætla að skýra það einfaldlega með tilvísun í gamlar bækur. Vandinn er fremur að skilja hvernig það gerist að þeir drættir í hugsun Marx sem best lágu við rétttrúnaðarhugsun voru dregin fram á kostnað annarra. Þetta verður í sjálfu sér ekki einfaldlega rakið til marxisma Annars alþjóðasambandsins, enda var arfleifð þess, með tilliti til kerfisbindingar á arfleifð Marx, nokkuð tvíræð; heimspekiverk Engels mátti vissulega skoða sem áfanga á þeirri leið, en hin pósitívísku áhrif ýttu frekar undir skarpan greinarmun vísindalegrar starfsemi og sósíalískra gilda, og ýmsir áberandi talsmenn alþjóðasambandsins leituðu heimspekilega til nýkantismans fremur en að draga fram sérstöðu marxismans gagnvart allri „borgaralegri“ arfleifð. Í báðum tilvikum er sérstöðu og einingu hinnar rétttrúðu heimsskoðunar gagnvart siðmenningu auðvaldsins vel að merkja sundrað.

Lukács var eins og fram er komið síst afstöðulaus til klofnings hinnar alþjóðlegu sósíaldemókratahreyfingar, og skrifaði bók sína sem eindreginn stuðningsmaður rússnesku byltingarinnar, sem þá var enn ung að árum og laut enn hinni upphaflegu forystu Leníns og Trotskís. Hann reyndi því að tengja umfjöllun sína hugmyndum Leníns sem voru á þessum tíma á allra vörum. Hægrisinnaðir

sértækra siðfræðilegra áherslna; Korsch leggur áherslu á þá sérhæfingarveggi sem í henni birtast.

hatursmenn kommúnismans hafa gjarnan brugðið upp mynd af Lenín sem tækifærissinnuðum og valdagráðugum sérgæskupotara sem eðlilega varð svo harðstjóri þegar byltingin hafði sigrað. Mér virðist þessi túlkunarhefð einfaldlega ósannfærandi, og efast um að vinstrimenn hafi mikið til hennar að sækja.<sup>55</sup> Að vísu er ekki hægt að afskrifa svona sjónarmið alveg, því Lenín var nú einu sinni stjórn-málamaður og vildi ná árangri, en þegar á heildina er litið er hann betur skoðaður sem býsna „hugmyndalegur“ stjórn-málamaður: hann trúði á sína útgáfu af marxismanum og reyndi að haga starfi sínu og Bolsévíkaflokksins í samræmi við hana. Gagnrýni á Lenín ætti því fremur að miðast við ítarlega skoðun á marxisma hans annars vegar, og síðan ákvarðanir sem stjórn hans bar ábyrgð á eftir 1917.<sup>56</sup>

Arfleifið Leníns var gríðarlega afdrifarík, en oft einfölduð á ýmsa vegu; mér sýnist heppilegt til skilnings á vegferð marxismans á 20. öld að hætta að tyggja klisjur á borð við þá að burtséð frá 3–4 bókum um önnur efni hafi framlag hans til marxismans allt snúist um kenningu um að útvaldir sósíalískir menntamenn skipulegðu sig í flokki til þess að reka áróður fyrir sósíalismanum og færa hugmyndirnar þannig til stéttarinnar „utan frá“. Lýsingar á borð við þessa vitna ekki um mikinn skilning á viðfangsefnum Leníns – og má hér einu gilda hvort við höfum samúð með þeim eða ekki: Ef afstaða Leníns hefði í raun verið í samræmi við þessa skrípamynd, væri meira en lítið undarlegt að honum og flokki hans skyldi takast að ná völdum, og enn undarlegra að hann skyldi yfirleitt nenna að skrifa öll þessi ósköp – ef málið snerist ekki um annað en að útskýra mikilvægi þess að reka áróður fyrir sósíalisma. Raunin er sú að það fræga orðalag að sósíalísk vitund komi „utan að“ til stéttarinnar er að finna á tveimur stöðum í þeirri frægu bók *Hvað ber að gera?* Á öðrum staðnum virðist hann nota það á svipaðan hátt og Kautsky á undan honum, og segir að sjálfsprottin vitund stéttarinnar (þ.e. óháð pólitískum samtökum hennar) takmarkist í raun við vitund um nauðsyn þess að mynda fagfélög til að knýja fram betri launakjör, vinnumálalöggjöf, o.s.frv. en sósíalísk fræðikenning hafi aftur á móti orðið til meðal róttækra

55 Nýleg ævisaga Roberts Service, *Lenin: A Biography*, London: Macmillan, 2000, gengur til dæmis of langt í þessa átt að mínu viti.

56 Afar gagnleg er yfirlitsbók Neils Harding, *Leninism*, London: Macmillan, 1996.

menntamanna.<sup>57</sup> En ef gætt er að orðum Leníns annars staðar í bókinni kemur betur í ljós hvað hann hefur í huga, því hann segir að verkamenn geti „aðeins öðlast pólitíska stéttarvitund að utan, þ.e. utan hagsmunabaráttunnar, utan þess sviðs, sem takmarkast af samskiptum verkamanna og atvinnurekenda“.<sup>58</sup> Við sjáum að þetta orðalag, „utan að“ tekur hér ekki til þess að vitundin búi utan stéttarinnar sjálfar, heldur til þess að hún myndast utan sviðs þröngra launakrafna o.þ.h. sem stéttin beitir sér eðlilega fyrir, án þess nokkur pólitísk samtök komi þar endilega til; og ef við endurlesum í þessu ljósi hinn kaflann sjáum við að þar virðist Lenín líka hugsa þetta svona. Svo er til lítills að gagnrýna hann fyrir að nefna að sósíalísk fræðikenning hafi orðið til meðal róttækra menntamanna sem sam- sömuðu sig verkalýðsbaráttunni, því það er einfaldlega rétt. En hvað felst í sósíalískri vitund? Það er ekki svo lítið:

Stéttarvitund verkalýðsins getur ekki verið raunveruleg pólitísk vitund nema verkamennirnir hafi skólað sig til að bregðast við öllum tilvikum harðstjórnar, kúgunar, ofbeldis og áþjáningar, án tillits til þess hvaða stétt fyrir þeim verður, – nema þeir hafi skólað sig til að bregðast við frá sósíaldemókratísku en ekki neinu öðru sjónarmiði. Stéttarvitund verkalýðsins getur ekki verið raunveruleg pólitísk vitund, nema verkamennirnir hafi lært af ákveðnum og umfram allt tímabærum, pólitískum staðreyndum og atvikum að skoða sérhverja aðra þjóðfélagsstétt á sérhvern hátt sem hún tjáir sig í andlegu, siðferðilegu og pólitísku lífi sínu, – nema þeir læri að hagnýta sér í starfi aðferðir efnishyggjunnar við greiningu og mat á öllum hliðum lífs og starfs allra stétta, stéttkvísla og hópa meðal þjóðarinnar. [...] [S]jálfsþekking verkalýðsstéttarinnar er órjúfanlega bundin ekki einungis glöggum fræðilegum skilningi – réttara myndi jafnvel að segja, *ekki svo mjög fræðilegum*, heldur *hagnýtum* skilningi á innbyrðis afstæð-

57 Vladímír Íljítsj Lenín, *Hvað ber að gera?*, Reykjavík: Heimskringla, 1970, bls. 46–47.

58 Sama rit, bls. 107.

um allra stétta nútímaþjóðfélags, skilningi sem *áunninn er með reynslu í pólitísku lífi*.<sup>59</sup>

Stéttin öðlast pólitíska, sósíalíska vitund aðeins með því að heyja *pólitíska* baráttu og öðlast *pólitíska* reynslu, til þess þarf hún að skipuleggja sig í *pólitískum flokki*; þetta er kjarni málsins hjá Lenín. Samruni flokks og náttúrulegs framvarðar stéttarinnar – þess fólks sem hún treystir og reiðir sig á í sjálfsprottni baráttu – er einmitt flokksbyggingarferlið, og fullnast í byltingunni sjálfri. Staðhæfingar Leníns í *Hvað ber að gera?* um að sjálfsprottni vitund stéttarinnar takmarkist við fagfélagsvitund eru vissulega orðum auknar, en eru ekki aðalatriðið í þessu sambandi, heldur hitt að pólitísk heildarvitund getur aldrei kristallast fyllilega án pólitískis flokks. Þremur árum eftir að hann lauk við bókina, eða árið 1905, var líka komið allt annað hljóð í strokkinn; innblásinn af byltingarhræringum þess árs í Rússlandi leggur Lenín nú ofuráherslu á sjálfsprottna pólitíska vitund stéttarinnar – án þess að hvarfli að honum að draga úr mikilvægi flokksins.<sup>60</sup>

Samhengið sem ég rakti áður úr *Kommúnístaávarpinu* og fleiri ritum Marx er útgangspunktur Leníns við aðstæður þar sem byltingin virtist raunverulega á dagskrá, í þeim skilningi að bersýnilega kraumaði undir keisarastjórninni. Vandinn er í hnotskurn þessi spurning: Hvernig á verkalýðsstéttin að skipuleggja sig svo að hún geti náð og haldið pólitískum völdum – sem svo aftur er forsenda algerrar umsköpunar samfélagsins í sósíalískum anda? Um sérstaka flokkskenningu aðgreinda frá þessu samhengi er ekki að ræða – ekki í *Hvað ber að gera?* né heldur nokkru öðru riti Leníns.<sup>61</sup> Sjónarhóllinn í verkum Leníns er heldur ekki bundinn vanda sósíalískra menntamanna sem vilja hafa áhrif á stéttina utan frá, heldur

59 Lenín, *Hvað ber að gera?*, Rvk. 1970, bls. 94–95. Lbr. hér mínar.

60 Norman Geras, „Lenin, Trotsky and the Party“, *Literature of Revolution. Essays on Marxism*, London: Verso, 1986, einkum bls. 185–187.

61 Það er því réttara að tala um skipulagskenningu en flokkskenningu, enda tekur hún til allra skipulagsmála stéttarinnar og ólíkra vitundarstiga; sbr. Ernest Mandel, *Skipulagskenning lenínsmans*, Reykjavík: Fylkingin, 1980. – Einnig er rétt að nefna að *Hvað ber að gera?* skilst best ef hún er lesin í samhengi við önnur skrif Leníns um sömu málefni í kringum aldamótin; þægilegt og gott úrval er að finna í Lenín, *On Building the Bolshevik Party. Selected Writings 1894–1905*, Chicago: Liberator Press, 1976.

eru skipulagsmálin skoðuð sem *hagnýtt vandamál stéttarinnar sjálftrar*, og rauði þráðurinn er áherslan á pólitískt og skipulagslegt sjálfstæði hennar. Rétt eins og Marx áður neitar Lenín að skilgreina sérstöðu kommúnista gagnvart stéttinni í heild, en getur ekki litið framhá þeirri staðreynd að stéttin öðlast ekki sósíalíska vitund af sjálfu sér, fyrir tilvernað auðmagnsskipulagsins sjálfs, eins og Marx virtist stundum halda fram. Lenín verður í sjálfu sér ekki gagnrýndur fyrir þetta, því afstaða Marx var að þessu leyti óraunhæf og illa til þess fallin að skýra hagnýt verkefni kommúnista þegar byltingin virtist beinlínis „á dagskrá“ í sögulegum skilningi.<sup>62</sup>

Tvennt er því tekið til endurskoðunar: Annars vegar er um greinilega áherslubreytingu að ræða gagnvart fatalískri mynd Marx af þroskaferli stéttarinnar, hins vegar verður Lenín fljótlega ljóst að ekki sé lengur stætt á þeirri hugmynd að kommúnistar myndi ekki sérstakan flokk gagnvart öðrum flokkum stéttarinnar, enda móttast hugmyndir hans um ólík vitundarstig verkalyðsins og skipulagsform í deilum við aðra hópa, ekki síst svonefnda ökonómista. Þetta skipulag kommúnista í sérstökum flokki er raunar vel að merkja ekki í beinni mótsögn við þá hugmynd að kommúnisminn taki til stéttarinnar í heild; Lenín reynir einmitt að rökstyðja að umbótasinnar byggi í raun á takmarkaðri hugmynd um baráttu stéttarinnar, og ákveðnum hlutum stéttarinnar fremur en þeim pólitísku heildarhagsmunum sem geta undir vissum kringumstæðum sameinað hana.

Framan af eru skrif Leníns og starf hans æði bundin rússneskum aðstæðum, þótt enginn hafi þurft að velkjast í vafa um andstöðu hans við yfirlýsta umbótastefnu Bernsteins.<sup>63</sup> Af þessum sökum er almenn tilhöfðun hinna eldri verka Leníns yfirleitt óbein. Þetta breyttist með fyrri heimsstyrjöldinni: lenínisminn sem algilt, alþjóðlegt hugmyndakerfi fæddist 1914. Staðbundin átök við rússneskar hliðstæður endurskoðunarstefnunnar birtust nú sem alþjóðlegur klofningur byltingarsinnaðra andstæðinga styrjaldarrekestursins og umbótasinna sem veittu honum stuðning hver í sínu landi, þvert ofan

62 „Aktúalitet“ byltingarinnar eins og Lukács nefndi það; *Lenin: A Study in the Unity of His Thought*, London: NLB, 1970, 1. kaflinn.

63 Lenín, „Skoðanaágreiningur í evrópskri verkalyðshreyfingu“ (1910), *Heimsvaldastefnan og klofningur sósíalísmans*, Reykjavík: Lenín-Stalín forlagið, 1974, bls. 17–21.

í fyrri samþykktir Annars alþjóðasambandsins.<sup>64</sup> Í frægu verki sem birtist 1916 heldur Lenín því fram að það tímaskeið sem nú sé runnið upp í þróun auðmagnskerfisins einkennist af mettnum innanlandsmarkaðar, gífurlegri samþjöppun auðmagns, hringamyndun og loks beinum áhrifum stórauðmagnsins á ríkisvaldið sem ekki síst birtast í útþenslustefnu eða heimsvaldastefnu, en Lenín setur jafnaðarmerki milli hennar og „hæsta stigs auðmagnsins“: lengra yrði vart komist á þróunarbraut auðmagnskerfisins, og úrkynjunarmerkin hrannast upp í styrjaldarrekkstri þess.<sup>65</sup> Í þessu ljósi birtist loks þjóðfrelsisbarátta í vanþróuðum ríkjum sem mikilvæg og framsækin barátta gegn átroðningi heimsvaldastefnunnar sem féll vel að alþjóðlegri byltingarstjórnlist. Þetta atriði átti gríðarlega stóran þátt í útbreiðslu og aðdráttaraflí lenínismans.

Skilningur Leníns á fræðilegri arfleifð Marx er að öðru leyti oft nokkuð einhliða, og á það til dæmis við um skilning hans á riti Marx um *Auðmagnið*: gagnrýnin á auðmagnsskipulagið er næstum eingöngu skoðuð þannig að sýnt sé fram á óskynsemi kapítalískrar framleiðsluskipanar, og þá ekki síst skipulagsleysi markaðarins; en að skipulegri afskræmingu kapítalismans á félagsböndum manna og einstaklingsmótun er ekki gætt hjá Lenín frekar en öðrum fræðimönnum þessa tíma.<sup>66</sup> Þetta skiptir talsverðu máli, en markaði Lenín enga sérstöðu. Hins vegar er vert að taka önnur almenn atriði í skilningi hans á marxismanum til nánari skoðunar. Réttilega benti Lenín margsinnis á það að sósíalísk fræðikenning hafi ekki sprottið sjálfkrafa fram í stéttabaráttu 19. aldar, heldur var hún útfærð af menntamönnum sem reyndu að hugsa róttæka umsköpun samfélagsins af sjónarhóli stéttarinnar og sem þátttakendur í hreyfingu hennar – það er óumdeilanlegt. Hins vegar leggur Lenín mikla áherslu á það að fræðikenning marxismans varði hlutlæg sannindi, sem þá er væntanlega til lítils að bera á móti. Í *Marxisma og endurskoðunarstefnu* (1908) er þannig látið að því liggja að hagsmunaandstæður manna einar aftri því að vísindi marxismans hljóti almenna viðurkenningu

64 Lenín, „Heimsvaldastefnan og klofningur sósíalismans“, bls. 23–37.

65 Vladímír Íljítsj Lenín, *Heimsvaldastefnan. Hæsta stig auðvaldsins*, Reykjavík: Heimskringla, 1961; sjá samantekt bls. 116–117.

66 Sbr. Jóhann Pál Árnason, *The Future That Failed. Origins and Destinies of the Soviet Model*, London: Routledge, 1993, bls. 65–66.

eins og sannindi rúmfræðinnar,<sup>67</sup> og annars staðar segir hann að marxísk kenning sé „almáttug vegna þess að hún er sönn“ – hallelúja ætti maður víst að segja.<sup>68</sup> Þessi skilningur á fræðikenningu marxismans er líka greinilegur í heimspekiskrifum hans enda segir þar að öll frávik frá marxismanum (sannleikanum) hljóti að hafa í för með sér eftirgjöf til kapítalismans og falshugmynda hans.<sup>69</sup>

Rétttrúnaðarhugmyndin er þannig allsstaðar undir í skrifum Leníns um marxismann, og úrslitaskrefið var því tvímælaust stigið með valdatöku bolsévika í Rússlandi 1917, en í kjölfar hennar bættist alveg ný vidd í fræðilega arfleifð marxismans: hún varð að opinberri hugmyndafræði ríkis, og þá var tvímælaust hentugt að gera úr henni heilsteypt kerfi. Þannig lá beint við að styðjast við heimspeki Engels sem undirstöðu díalektískrar efnishyggju, endanlegs ramma kerfisins. Framlag manna á borð við Lukács, Korsch o.fl. var hér óheppilegt og hlaut því harða en jafnframt ómálefnalega gagnrýni. Hins vegar halda þeir báðir fram hugmyndum um réttan eða sannan marxisma, og Lukács reynir einmitt að skilgreina hvað í marxískum rétttrúnaði felist.<sup>70</sup>

Það er eftirtektarvert sem síðan gerist: annars vegar sjá gagnrýndur byltingarinnar sig knúna til þess að sýna fram á að þeir séu betri og sannari marxistar en þeir sem réðu í Kreml; og hins vegar öðlast marxisminn slíkt vægi að fólk dregst að honum úr ýmsum áttum með alls konar farteski sem það fer að kalla marxisma.<sup>71</sup> Allt gekk þetta enn lengra í kjölfar þess að Stalín tókst að ná völdum í Sovétríkjunum; um eiginlegt alræðisáform er ekki að ræða fyrr en þá, en rétttrúnaðarhugmyndin styrktist af framgangi þess og varð beinlínis að valdataeki til að kveða alla gagnrýna hugsun í kútinn.

Það er fróðlegt að rifja upp í þessu sambandi hugleiðingar Freuds um marxismann sem *Weltanschauung*, eða heimsskoðun í gróflægri íslenskri þýðingu, undir lok fyrirlestraraðar sem hann flutti 1932, en orðið heimsskoðun hafði Engels einmitt, sem kunnugt er, notað um

67 Lenín, *Heimsvaldastefnan og klofningur sóstálismans*, bls. 7.

68 Lenín, „Prennar rætur og samstæðir hlutar kenningar Karls Marx“, *Réttur*, 4/1989, bls. 195.

69 Sbr. tilvitnun og umfjöllun hjá Neil Harding, *Leninism*, bls. 225.

70 Sbr. Lukács, „Hvað er rétttrúnaðar-marxismi?“.

71 Sbr. Jóhann Páll Árnason, „Roads Beyond Marx. Rethinking Projects and Traditions“, óbirt handrit, bls. 12.

marxismann.<sup>72</sup> Stalín hafði þá fest sig tryggilega í valdasessi innan Sovétríkjanna. Upphaflega bandamenn sína á leiðinni til valda hafði hann rekið út á hliðarlínuna, hin ofboðslega iðnvæðing var hafin, bændur reknir nauðugir í samyrkjubú. Innan Alþjóðasambands kommúnista var búið að knýja fram mjög öfgakennda vinstristefnu með tilheyrandi flokkshreinsunum og „réttstefnu“, raunar einnig hérlandis;<sup>73</sup> í Þýskalandi var stutt í valdatöku nasista, og stefna Stalíns gerði minna en ekkert gagn til að afstýra þeim hörmungum. En heimsskoðun skilgreinir Freud þarna stuttlega svo að hún sé „vitsmunaleg hugsmið sem leysir öll tilvistarvandamál vor í einni heild með einni allsherjartilgátu sem samkvæmt því lætur engri spurningu ósvarað og þar sem allt það er varðar oss fær sinn fasta sess“.<sup>74</sup> Áhrif pósitívismans eru augljós í þessum fyrirlestri, eins og víðar í verkum Freuds: annars vegar er honum mikið í mun að greina starfshætti vísinda frá alltuppsvelgjandi tilgátum af þessum toga, hins vegar að áréttta að sálgreiningarhreyfingin starfi vísindalega og hafi enga slíka *Weltanschauung* fram að færa. En hvað um það eru athugasemdir hans við upphaf hins stalíníska alræðisáforms athyglisverðar:

Fræðilegur marxismi eins og hann birtist í rússneskum bolsévíisma hefur fengið orku, sjálfánægju og útilokunar-einkenni *Weltanschauung*, en um leið líka óhugnanlega mikið af því sem hann berst gegn. Þó að hann teldist upphaflega til vísinda og væri byggður á framkvæmd á vísindum og tækni hefur hann komið á hugsunarbanni sem er alveg eins harkalegt og hjá trúarbrögðunum fyrrum. Öll gagnrýnandi skoðun á marxískri kenningu er bönnuð, efasemdum um réttmæti hennar er refsað á sama hátt og villutrúnni hjá kaþólsku kirkjunni. Skrif Marx hafa komið í stað Biblíunnar og Kóransins sem uppsprettur opinberunar, enda þótt þau virðist ekkert

72 Sjá til dæmis Engels, „Ludwig Feuerbach og endalok klassísku þýzku heimspekinnar“, í Marx og Engels, *Úrvalrit*, bindi I, bls. 282.

73 Sbr. Þór Whitehead, *Kommúnístabreyfingin á Íslandi 1921–1954*, Reykjavík: Menningarsjóður, 1979, bls. 84–93.

74 Sigmund Freud, *Nýir innangangsfyrirlestrar um sálkönnun*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997, bls. 177.

frekar laus við mótsagnir og myrkviði en þessar eldri helgu bækur.<sup>75</sup>

Á fjórða áratug 20. aldar reyndi Trotskí, sem þá var lentur í útleð frá Sovétríkjunum, eftir bestu getu að greina samfélagsveruleikann í Sovétríkjunum á gagnrýninn hátt, með aðferðum ósvikins marxisma. Tilraunir sínar í þessa veru dró hann loks saman í riti sem er enn vel þess virði að lesa það, *Byltingin svikin*.<sup>76</sup> Niðurstaða hans var í meginatriðum sú að Sovétríkjunum yrði best lýst sem „skrifræðislega úrkynjuðu verkalyðsríki“, sem fær að vísu ekki staðist – Trotskí situr á endanum uppi með óleysanlega mótsögn. Það glittir í hana þegar hann segir: „Framleiðslutækin tilheyra ríkinu. En ríkið „tilheyrir“, svo að segja, skrifræðinu“.<sup>77</sup> Hér verður lesandanum spurn hvers vegna eigi þá að kenna ríkið við valdalaust verkafólkið. En sjálfur hefði Trotskí neitað því afdráttarlaust að þarna væri um beina mótsögn að ræða í greiningu hans, og raunar taldi hann sig vera að lýsa mótsagnakenndum samfélagsveruleika, þar sem brugðið gat til beggja vona um framhaldið. Hann gerir ráð fyrir því að vegna félagsnýtingar á framleiðsluöflum, einokunar á utanríkisverslun, o.fl. „sósíalískra ávinninga“ sé þrátt fyrir allt enn um verkalyðsríki að ræða, þótt öll völd séu vissulega í höndum hins skrifræðislega afætu-hóps. En til að koma honum frá þurfi einungis stjórnarbyltingu, ekki sé nauðsynlegt að endurtaka hina félagslegu byltingu.

Hvernig náði skrifræðið völdum? Byltingin átti sér stað í ríki sem varð að teljast tiltölulega vanþróað í samanburði við kapítalísk ríki samtímans; „keðja heimsvaldastefnunnar hrökk í sundur á veikasta hlekkinum“ eins og Lenín orðaði það – ekki þeim sterkasta. Að álit Trotskís – eins og annarra marxista fram að Stalínstímanum – hvíldi uppbygging sósíalisma í raun algerlega á mikilli framleiðslugetu, sem kapítalisminn yfirleitt hafði í för með sér, og raunar þyrfti sameinað byltingaráttak í mörgum ríkjum til að hún gæti tekist. Bolsévíkar

75 Freud, *Nýir inngangsfyrirlestrar um sálkönnun*, bls. 201.

76 Leon Trotsky, *The Revolution Betrayed*, New York: Pathfinder, 1972 [1937]. Bókin hét raunar frá hendi höfundarins *Hvert stefnir Rússland?* en skri þýðandinn, Max Eastman, gaf henni þennan enska titil, að vísu með undirtitlinum *Hvað eru Sovétríkin og hvert stefna þau?* Heitið sem hann valdi festist við bókina, að vísu með smávægilegum tilbrigðum (þ. *Die verratene Revolution*, s. *Den förrådada revolutionen*).

77 Trotsky, *The Revolution Betrayed*, bls. 249.

höfðu einfaldlega ekki gert ráð fyrir þeim möguleika að byltingin myndi einangrast um lengra tímabil, heldur reiddu sig á það að framvinda „heimsbyltingarinnar“ kæmi fljótt til hjálpar. Þetta brást sem kunnugt er. Fyrir vikið þurfti byltingarstjórnin að kljást ein við innrásarheri margra ríkja, og heyja langvinnt og blóðugt borgarastríð, þar sem félagslegur grundvöllur byltingarinnar varð að mestu leyti tortímingu að bráð – „stéttvísustu“ verkamennirnir þeystu vitanlega fyrstir manna út á vígvöllinn, aðra saug skrifræðisbjástur ríkisvételarinnar upp. Efnahagsráðstafanir bolsévika á stríðstímanum, „stríðskommúnisminn“, voru í engu samræmi við fyrirætlanir þeirra, en helguðust af aðstæðunum; þegar stríðinu lauk á endanum og hagkerfið var vitanlega í kaldakoli og gríðarlega erfitt framundan sáu þeir sig því tilneydda að endurvekja markaðskerfið í meira mæli en þeir höfðu annars talið æskilegt (NEP-stefnan svokallaða). Hér var að myndast sá jarðvegur sem skrifstofuvaldið spratt úr.<sup>78</sup> Félagslegur grundvöllur þess er skortur á neysluvörum, sem aftur leiðir til þess að hver fer að ota sínum tota, og allir að berjast við alla.

Þegar biðraðirnar verða langar þarf að fá lögreglumann til að halda uppi reglu. Það er upphafsreitir valds hins sovéskra skrifræðis. Það „veit“ hver á að bera eitthvað úr bítum, og hver þarf að bíða. [...] Enn fer því fjarri að ástand framleiðslunnar geti tryggt hverjum og einum allar nauðsynjar. En það nægir þegar til þess að veita minnihluta veruleg forréttindi, og snúa ójöfnuðinum upp í keyri til að reka meirihlutann áfram. Það er frumástæðan til þess að vöxtur framleiðslunnar [í fyrstu fimmára-áætlununum – OM] hefur fram að þessu ekki styrkt sósíalísk einkenni ríkisins, heldur hin borgaralegu. [...] [S]krifræðið sjálft [...] óx fram í byrjun sem borgaralegt tæki verkalýðsríkis. Þegar það kemur á og stendur vörð um hag minnihlutans, dregur það vitanlega til sín meginþorrann til eigin nota.<sup>79</sup>

Vanþróun framleiðsluafllanna reynist þannig með öðru orlagavaldur byltingarinnar. Stalín var einfaldlega það foringjaefni sem þenn-

78 Sama rit, bls. 89–90.

79 Sama rit, bls. 112–113; sbr. einnig bls. 56–58.

an hóp vantaði – maður af sama sauðahúsi, en jafnframt gamall Bolsévíki.<sup>80</sup>

Trotskí leggur, eins og vænta má, mikla áherslu á þáttaskilin sem valdataka Stalíns markaði gagnvart upphaflegri forystusveit byltingarinnar sem hann hafði auðvitað tilheyrt sjálfur. Að vísu gerir hann of lítið úr afspyrnuvondum ákvörðunum bolsévíka í kjölfar þess að borgarastríðinu lauk: alvarlegir efnahagslegir örðugleikar gerðu þá vart við sig, og pólitísk spennan fylgdi; þreyta og gríðarlegur fórnarkostnaður borgarastríðsins hefur uggleiust ýtt undir hardneskjuleg viðbrögð bolsévíka, sem bældu uppreisn sjóliða og verkafólks í Kronstadt niður með valdi, og lögðu jafnframt bann við myndun skoðanahópa og starfsemi annarra stjórnmalaflokka; það átti að vísu ekki að standa nema tímabundið. En þessar ráðstafanir urðu klárlega vatn á myllu þess skrifræðisbákns sem þá þegar var farið að gæta, því mótstöðuafli almennings veiktist enn frekar en orðið var. Tímasetningin gat því naumast herfilegri verið, og barátta hins dauðvona Leníns gegn valdabrótti Stalíns og möppudýranna sem hófst strax á eftir náði aldrei nokkrum þunga.<sup>81</sup> En hvað sem þessum aðfinnslum og öðrum smávægilegri líður, liggja veikleikarnir í greiningu Trotskís þó tæpast í þeirri áherslu sem hann leggur á þáttaskilin sem valdataka Stalíns markaði í Sovétríkjunum, enda á hann í engum vandræðum með að sýna fram á kúvendingu á öllum sviðum, í utanríkismálum, þjóðernismálum, málefnum kvenna og fjölskyldna, efnahagsmálum, o.s.frv.

Meginatriði þessara þáttaskila er augljóst. Hvernig svo sem menn vilja gagnrýna stjórn bolsévíka á fyrstu árum byltingarinnar verður ekki undan því vikist að á því skeiði var ekki um alræðisáform að ræða; það brestur einmitt á af sívaxandi þunga þegar Stalín hafði rutt öllum hugsanlegum keppinautum sínum innan flokksins til hliðar, um 1928. Hvað alræðisáform Stalíns snertir var greining Trotskís einmitt ófullnægjandi. Að vísu koma margsinnis fram hjá honum ábendingar sem hníga að því. Þannig bendir hann oft á að skrifræðið sé „eftirlitslaust“ með öllu;<sup>82</sup> einnig segir hann að því hafi

80 Sama rit, bls. 93.

81 George Fyson (ritstj.), *Lenin, Lenin's Final Fight*, New York: Pathfinder, 1995. Næsta lítið af þessu efni hefur verið þýtt á íslensku, en sjá þó *Ríki og bylting. Greinar og bréf*, Reykjavík: Heimskringla, 1970, bls. 267–315.

82 Trotsky, *The Revolution Betrayed*, bls. 51, 100, 104, 141, t.d.

tekist að „setja sig yfir samfélagið og taka örlög sín í eigin hendur“, <sup>83</sup> og jafnvel að sovéská ríkið hafi tekið á sig „alræðislegt-skrifræðislegt eðli“ <sup>84</sup> og að stjórnarfar „alræðisins“ – hér sett í gæsalappir – kæfi eðlilega starfsemi listhópa, og hræðist alla menningarstarfsemi sem ekki þjónar því beinlínis eða það á í erfiðleikum með að skilja. <sup>85</sup> Af bók hans má þannig vel merkja að um alræðisstjórn sé að ræða, því hún reyndi beinlínis að leggja öll svið samfélagsins undir beint yfirráðavald sitt, efnahagslífið, stjórnmalalífið, fræðamenninguna, vísindin, listastarfsemina, o.s.frv. og tókst það að miklu leyti. En það er eins og Trotskí hafi ekki getað horfst í augu við þá staðreynd að *hið staliníska alræðiáform gekk í raun gersamlega milli bols og höfuðs á öllum sjálfstæðum stjórnmalabráringum í landinu*. Það gat ekki brugðið til beggja vona um framhaldið, heldur var spurningin aðeins sú hve lengi skrifræðinu tækist að halda völdum áður en endurreisn kapítalismans hæfist, annaðhvort fyrir áhrif innri myndbreytinga skrifræðisins sjálfs eða af ytri völdum. Hér verður að vísu að muna að bókin var rituð rétt áður en Moskvuréttarhöldin og sú ógnaralda sem þeim fylgdi hófst. Trotskí taldi sig geta greint undiröldu vaxandi andófs meðal yngra fólks, <sup>86</sup> og auk þess hlyti gífurlega óréttlát skipting allra efnislegra gæða að leiða til andspyrnu, jafnt í sveit og borg. <sup>87</sup> Hafi þetta mat hans á annað borð átt við rök að styðjast, er ljóst að þetta var gersamlega kæft í fæðingu um það leyti sem blekið var að þorna á handritinu. Í Sovétríkjunum var eftir þetta ekkert stjórnmalalíf yfirleitt, af verkalýðshreyfingunni var ekki annað eftir en ömurleg skrípamynd.

Trotskí sá ekki ástæðu til þess að endurskoða greiningu sína vegna Moskvuréttarhaldanna, heldur hældist um af því í formálanum, sem skrifaður var þegar ósköpin brustu á, að hann hefði í bók sinni sýnt þá rökvísi sem þar kom fram. <sup>88</sup> Það er í besta falli umdeilanlegt – niðurstaða hans, „skrifræðislega úrkynjað verkalýðsríki“, hefði ef til vill ekki verið svo mjög fjarri sanni um miðjan þriðja áratuginn, en áratug síðar gat hún aðeins byggst á tvíþættum tálvönunum, annars

83 Trotsky, *The Revolution Betrayed*, bls. 105.

84 Sama rit, bls. 108.

85 Sama rit, bls. 183–184, 182.

86 Sama rit, bls. 169.

87 Sama rit, bls. 114, 122, t.d.

88 Sama rit, bls. 4.

vegar að verkalýðshreyfingin gæti aftur náð til sín völdunum innan tiltölulega skamms tíma, hins vegar að „sósíalískir ávinningar“ þeir sem enn voru við lýði hefðu ekki myndbreyst á allar lundir til samræmis við þarfir hins nýja valdahóps skrifræðisins. Skömmu fyrir dauða sinn sagði hann:

Alræðisstjórn, hvort sem hún er stalínískrar eða fasískrar gerðar, getur samkvæmt eðli sínu aðeins verið tímabundið stjórnarfar á umskiptaskeiði. Nakin harðstjórn hefur í sögunni almennt verið afsprengi gríðarlegrar samfélagskreppu og jafnframt til marks um hana, alls ekki kennimerki stöðugar stjórnar. Gríðarleg kreppa getur ekki verið varanlegt ástand samfélagsins. Alræðisríki getur bælt niður hinar félagslegu mótsetningar um eitthvert skeið, en það getur ekki viðhaldið sér.<sup>89</sup>

Ofsóknaröldurnar voru vissulega ekki stöðugt ástand, en það er bara ekki kjarni málsins. Raunar væri óhugsandi með öllu að viðhalda slíkum firnum um lengri tímabil, og það var ekki ætlunin, heldur að tryggja völdin. Stundum gætir tilhneigingar til þess að spenna upp tölur um fórnarlömb stalínísku ógnaröldunnar, en það hefur bókstaflega enga þýðingu – breytir engu um eðli málsins. Áreiðanlegar heimildir eru fyrir því að árin 1937–1938 hafi verið framkvæmdar alltént 681.692 beinar aftökur, og á fjórða áratug aldarinnar dóu um 10–11 milljónir manna í fangelsum, vinnubúðum, fangabúðum, í nauðungarflutningum, o.s.frv.<sup>90</sup> Þar sem svona hryllingur á sér stað er vissulega engin „stjórnarfarsbylting“ á döfinni, heldur þarf langt sögulegt tímabil til þess eins að þjóðin jafni sig. Uppreisnartilraunir í Austur-Evrópuríkjunum, í Austur-Þýskalandi 1953, Ungverjalandi 1956, Tékkóslóvakíu 1968 og Póllandi 1980, áttu sér þannig í raun enga hliðstæðu í Sovétríkjunum.

89 Trotsky, *In Defence of Marxism*, New York: Pioneer, 1940, bls. 13; tilv. hjá Robin Blackburn, „Fin de Siècle: Socialism After the Crash“, *New Left Review (I)* (185, jan.–feb. 1991), bls. 26n.

90 Sjá R. W. Davies, „Forced Labour Under Stalin: The Archive Revelations“, *New Left Review (I)* (214, nóv.–des. 1995).

## Róttækt lýðræði og arfleifð Marx

Það nægir þó engan veginn að skoða marxismann í ljósi forskrúfaðrar kaldastríðshugsunar, þ.e. einungis í veru alræðisstjórnarfarsins í austurvegi. Rætur sósíalískrar hreyfingar, og marxismans þar með einnig, liggja þrátt fyrir allt ekki í Moskvuborg á 20. öld, heldur í háborgum Vestur-Evrópu á 19. öld, þar sem auðmagnsskipulagið hafði frá öndverðu miklar sviptingar og djúpstæð vandamál í för með sér. Marx sjálfur var eins skilgetið afkvæmi vestrænnar sögu og vestrænna hugmynda og nokkur maður getur verið. Þennan uppruna mátti ætíð merkja á marxismanum, einnig þegar áhrif stalínskrar einsleitni voru í hámarki. Um langt skeið virtist nánast ókleift að hugsa róttækar atlögur að auðmagnskerfi því sem bakaði þegnum sínum svo margan vanda nema byggt væri á „marxisma“. Anarkisminn átti í samanburði örðugt uppdráttar, áhrif hans voru staðbundnari og rénuðu svo jafnt og þétt. Kommúnistaflokkar um allan heim urðu, eftir atvikum, ýmist leiksoppar eða beinir þátttakendur í sjónarspili alræðisins, en reyndu jafnan af fyllsta megni að bola öðrum vinstriöflum burtu. Það er ekki fjarri lagi að marxisminn hafi um skeið orðið eins konar „opinber stjórnarandstaða“ við auðmagnskerfið,<sup>91</sup> og það er einkum af þeim ástæðum að unnt hefur verið að breiða út í svo ríkum mæli goðsögu nýfrjálshyggjunnar um að einu valkostirnir séu einhver Sovétríki eða frjálst neysluval; allt annað var „miðju-moð“ sem Friedrich A. Hayek svo kallaði í kunn-um fyrirlestri.<sup>92</sup>

Fljótlega eftir að Stalín geispaði golunni fór að geisa innan landamæra þess ímyndaða samfélags sem marxismi nefnist gríðarlega flókin borgarastyrjöld, hálfpartinn samkvæmt skilgreiningu, því deiluaðilar náðu af algerum prinsippástæðum aldrei samkomulagi um neinn dómstól sem gæti kveðið upp úr um þetta mikla eignarréttarspursmál, arfleifð Karls Marx. Það var farið að verða býsna drungalegt um að litast á þessum slóðum; rústir til allra átta, sumar nokkuð tígulegar að sjá, en naumast byggilegar, enda voru þarna litlar mannaferðir undir það síðasta; og einhvers

91 Þessu orðalagi hnupla ég frá Göran Therborn, „Dialectics of Modernity“, bls. 59.

92 Hayek, *Miðju-moðir. Tvö erindi í Reykjavík í apríl 1980 ásamt umræðum*, Reykjavík: Stofnun Jóns Þorlákssonar, 1988, bls. 39–48.

staðar í fjarska kann að hafa djarfað fyrir þeim sannindum að „marxískur“ sjálfsskilningur hljóti þráfaldlega að ala af sér þverstæður allt uns ekkert situr eftir annað en rökupplausnardrulla rétttrúnaðarrembingins. Þegar á leið reyndist styrkur marxismans sem stjórnálagshreyfingar – ekki síst á Vesturlöndum, og ekki síst kommúnistahreyfingin – mjög háður tímabundnum þáttum í framvindu auðmagnsskipulagsins; sjálfsskilningur slíkrar hreyfingar hlaut alltaf að byggjast á vaxandi verkalýðshreyfingu sem jafnframt beitti sér í stjórnámálum sem stéttarlegt afl. Hvort tveggja fór að breytast á tímaskeiði eftirstríðspenslunnar: það var ekki aðeins að mesta broddinn tæki úr stéttaátökum, heldur fækkaði beinlínis í herfylkjum iðnverkalýðsins. Innbyggðar þverstæður eiga þannig stærstan þátt í hruni marxismans, og algert gjaldþrot hans var staðreynd löngu áður en hrunið varð í austurblokkinni, – hvernig sem á málið er litið: sem opinber hugmyndafræði austantjalds hafði hann þá lengi verið næsta meiningarlaust tyllidagasnakk, og á Vesturlöndum hafði kreppa marxismans grasserað um árabil.

Mér virðist fráleitt að róttækir vinstrimenn fari nú að kenna sig við marxisma, og ætla að reyna að tíunda hér helstu ástæðurnar til þess hér á eftir. Á hinn bóginn er ekki hægt að leiða hann hjá sér. Vinstrihreyfingin verður að þekkja og skilja uppruna sinn ef hún ætlar að ná árangri í baráttu fyrir betra samfélagi, og af fyrirrenn-urum okkar getum við enn ýmislegt lært ef að er gáð.

(1) Hvað merkir það svo að öðlast sögulegan skilning á arfleifð Marx og marxismanum? Það merkir fyrst og fremst að við séum minnug þess sem Marx útskýrði svo ógleymanlega: að við erum sjálf þátttakendur í sögunni, berum fram söguleg áform, hvort sem okkur líkar það vel eða miður. „Nú tíðin er sögulegt vandamál, vandamál sem hafnar hunsun“, sagði Lukács.<sup>93</sup> Sagan er því ábyrgð sem við sitjum uppi með, hvað sem tautar og raular; hlutskipti sem við getum ekki losnað undan. Gagnvart þessari ábyrgð getum við fyllst minnimáttarkennd eða ofdrambi, sem kannske mætti skoða sem ranghverfur hvort annars, enda veltur stærðin á sjónarhorninu. Við þurfum ekki að sjá ofsjónum yfir þeim sögulegu afrekum sem vinna þurfi, þar sem við rofumst eins og maurinn í kvæðinu með strábút í sandi, að vísu eilítið missterk, og berum okkur ólíkt

93 Lukács, *History and Class Consciousness*, bls. 158.

að, en öll á sama báti. Sagan er stærri en við, en jafnframt einfaldlega hluti af okkur sjálfum (sama má segja um náttúruna). – En vandinn er hér ekki sá hvort við teljum okkur „fylgismenn“ Marx eða ekki, heldur þurfum við að lesa og þekkja sósíalíska hefð út frá breyttum forsendum nýs áforms á sögulegu-pólítísku sviði. Gildi þeirra hugmynda og greininga sem þar er að finna verður aðeins metið í ljósi áforms okkar sjálfra í dag. Marx skulum við lesa á sama hátt og aðra klassíska hugsuði: sem þrotlaust umhugsunarfni, en ekki að snúa arfleifð hans upp í spursmál um hollustu eða rétttrúnað, þ.e. „marxisma“. En sósíalísminn er vissulega enginn safngripur, og verður ekki um fyrirsjáanlega framtíð. Áður en yfirstandandi kreppa skall á þótti aðeins heilbrigð skynsemi að hafna án nokkurrar umhugsunar ekki aðeins rétttrúnaðarrembingi „marxismans“, heldur einnig arfleifð Marx sjálfs, og jafnframt því að yfirleitt væri lengur hægt að hugsa sér nokkurn einasta valkost við auðmagnsskipulagið, hið eina sanna þúsund ára ríki. Svo voldugur reyndist margfaldlega splundraður „marxísminn“ á síðustu öld að þegar flest tók að ganga í mjög herfilegum ólestri fyrir honum, og austurblokkinn síðan hrundi ofan í kaupíð, fór fjöldinn allur af fólki að masa um að nú væri sögunni lokið. Til að styðja þetta sjónarmið báru menn einatt fyrir sig þá staðreynd að austurblokkinn og stalíníska alræðiskerfið hrundi. Þetta er skrýtin röksemdafærsla. Með leyfi að spyrja: Hvernig er hægt að draga þá ályktun að vestrænt efnahagskerfi sé harla gott – raunar fullkomið, enda þurfi ekki lengur að taka gagnrýni á það alvarlega – á þeirri forsendu að sovétkerfið hafi verið afleitt, hörmulegt og loks farið veg allrar veraldar? Er það hægt nema þá og því aðeins að menn séu gersamlega fastir í gömlum kaldastríðshugsunarhætti? Hér má raunar kveða miklu afdráttarlausar að orði, enda leikur ekki vafi á því hvaðan þessi fyrirframtvígreining á sögulegum möguleikum okkar er runnin: úr rétttrúnaðarrembingi lenínískra marxista og hvergi annars staðar, úr hugmyndinni um marxismann sem heilsteypt bákn, „eina valkostinn“ – þegar raunin var sú að hann hafði fyrir löngu splundrast í tætlur og breyst í mörg aðskilin áform sem áttu naumast meira sameiginlegt en wittgensteinískan fjölskyldusvip. Af þessu getum við markað hve vanhugsað það er að meðhöndla arfleifð Marx sem „gamalt rusl“ – einhverjar verstu hliðar hennar búa einmitt að baki þeirri hugmynd sjálfri sem

óorðaðar forsendur. Tengsl Marx og sögunnar eru því bersýnilega lifandi vandamál.<sup>94</sup>

*Aform sósíalísmans verður að endurskilgreina í veru róttækrar útvíkkunar og dýpkunar lýðræðisins, og arfleifð Marx verður að meta í því ljósi.* Sögulegt mikilvægi Karls Marx skilst vitanlega ekki nema í ljósi þess hvernig hann sagði auðmagnsskipulaginu stríð á hendur og lagði auk þess gífurlega til fræðilegrar greiningar á því. En staðreyndin er þó sú að uppgjör hans við ímyndasvið auðmagnsins – hina röklausu óra um takmarkalaus þenslu tæknivalds á veruleikanum – risti að sumu leyti ekki djúpt, og einmitt þetta atriði kom skýlaust fram í allri marxískri hefð, og síðan í Sovétríkjunum frá upphafi: í raun keppti kommúnisminn við auðmagnskerfið á forsendum þess síðarnefnda. Endalok kalda stríðsins voru endalok kalda stríðsins – ekki endalok sögunnar. Þau voru ekki heldur endalok marxismans, því hann var fyrir löngu orðinn gjaldþrota þegar hrunið varð í Austurblokkinni. Kalda stríðinu lyktaði með hruni hins kommúníska alræðis, en það stjórnarfar var vissulega ekki raungerving allra hugsanlegra valkosta við efnahagsskipulag Vesturlanda; á svo lokaða söguskoðun verður ekki fallist. Betur færi að þessi hvítalkaða kaldastríðsröckfærsla yrði látin lönd og leið, svo og aðrar kreddur um stjórnsmál og efnahagsmál sem naumast þjóna öðrum tilgangi en þeim að þrengja umræður og svipta okkur möguleikum til virkara lýðræðis, til yfirvegunar og rökræðu um sjálf grundvallaratriði okkar samfélagsskipunar.

(2) Hugmyndinni um endalok heimspekinnar verður að hafna afdráttarlaust. Rökin eru ekki flókin og eru í meginatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi er engin leið að rökstyðja endalok heimspekinnar nema með aðferðum heimspekinnar, og endurreisa hana þannig jafnharðan. Í öðru lagi á það við um öll vísindi – marxísk eða önnur reynsluvísindi – að þau komast ekki hjá því að byggja á verufræðilegum forsendum sem þau geta ekki fjallað um með eigin aðferðum; þær forsendur verður samt tvímælalaust að vera unnt að yfirvega, og kemur það eðlilega til kasta heimspekinnar. Korsch hafði því rétt fyrir sér í því að hin „verklega“ heimspeki Marx væri engin endalok heimspekinnar – eins og Marx hafði fullyrt án raka – heldur einmitt

94 Röksemdir Derrida um „vofur Marx“ hníga að sumu leyti að svipuðum niðurstöðum, þótt ég hafi kosið aðra röckfærsluleið – sjá Björn Þorsteinsson, „Endalok sögunnar og framtíð lýðræðisins“, *Skírniir* 176. árg. (vor 2002), einkum bls. 183–184.

heimspeki, og má það heita augljóst: ef Marx hefði reynt að rökstyðja annað, hefði verið um heimspekilegan rökstuðning að ræða. En þar fyrir utan fæ ég ekki séð að „endalok heimspekinnar“ geti á nokkurn hátt talist eftirsóknarvert markmið. Heimspekin er gríðarlega mikils virði þegar hún er skoðuð í félagssögulegu samhengi; hin opna rökræða hennar um hvað sem vera skal hlýtur vissulega í raun að markast af sögulegum kringumstæðum – bæði viðfangsefni og aðferðir – en brúar þó jafnframt ólík tímasteið. Gildi hennar verður ekki lagt að jöfnu við uppruna hennar í stéttskiptum samfélögum, og raunar gæti hún varla átt sér nokkra sögu ef svo væri.<sup>95</sup> Heimspekin gerir okkur kleift að yfirvega forsendur okkar – okkur sjálf – og er af þeim sökum ómissandi þáttur lýðræðislegs samfélags.

(3) Ekki verður undan því vikist að nefna hér stuttlega eiginlega söguskoðun Marx, þótt hún sé í sjálfu sér ekki umfjöllunarefnið hér. Hún hnitast um samspil hugtaka sem varða fyrirkomulag framleiðslunnar, ekki síst framleiðsluaflla og framleiðsluafstæðna. Meginhugmynd hans í þessu sambandi, sem hann kennir sjálfur við „efnahagslega mótun samfélagsins“, er oft skilin svo að hann hafi gert ráð fyrir lögbundinni framþróun framleiðsluafllanna, en það er misskilningur sprottinn af orðalagi sem menn fóru almennt að túlka í veru pósitívisma eftir hans dag. Það sem Marx á við er einfaldlega sú staðhæfing að þróunarstig framleiðsluaflla manna á hverjum tíma móti eða sníði stakk þeim afstæðum sem menn geta skipað sér í um framleiðslustarfsemina; þær afstæður hafa beina samsvörun við stéttaskiptingu samfélagsins og þar með allan þann grundvöll sem hugmyndafræðileg og pólitísk yfirbygging hlýtur að miðast við og byggja á. Þetta lögmál hvílir á tilteknum sögulegum forsendum eins og önnur lögmál sem Marx greinir, því að framleiðni sé orðin nægjanleg til stöðugar umframframleiðslu, þ.e. framleiðslu umfram beinar nauðþurftir framleiðendanna sjálfra, en þó ekki nægjanleg til þess að skapa allsnægtir, þar sem átök um skiptingu afurða vinnunnar hlytu af sjálfu sér að hverfa, enda tilgangslaus með öllu. En þótt löghygga Marx hafi þannig verið verulega ýkt af sporgöngumönnum

95 Sbr. Cornelius Castoriadis, „The ‘End of Philosophy’?“, *Philosophy, Politics, Autonomy*, Oxford: Oxford University Press, 1991, bls. 13–32. Marxisminn er alls ekki einn um þennan fremur ísbyggilega áhuga á því að setja punkt aftan við heimspekina, og hann er ekki tilefni hugleiðinga Castoriadis um efnið á þessum stað, heldur Heidegger.

hans er ekki þar með sagt að þessar kenningar gangi upp. Beittustu gagnrýnina er að finna hjá Corneliusi Castoriadis, en í stuttu máli bendir hann á eftirfarandi: 1. Hugmyndin um að þróunarstig framleiðsluafllanna skilyrði samfélagsgerðina með þeim hætti sem áður var lýst stenst ekki empiríska athugun, því gríðarlegan fjölda dæma er að finna um samfélög sem byggja á sama eða nærfellt sama tæknilega framleiðslustigi en eru að öðru leyti svo gerólik að setning Marx er annaðhvort röng eða segir okkur öðrum kosti svo lítið að ekkert verður á henni byggt.<sup>96</sup> 2. Þau mörk sem umframframleiðslan, grundvöllur stéttaskiptingar, byggist á eru gersamlega óákvarðanleg sem ákveðin mælanleg stærð og hafa því ekkert skýringargildi.<sup>97</sup> Klókari marxistar orða þetta að vísu gjarnan þannig að umframframleiðslan opni *möguleika* til þess að skipta samfélaginu upp í andstæðar stéttir, og þá er undirskilið að það þurfi ekki endilega að gerast. En þetta bætir síst úr skák, því skýringargildið sem framleiðslugetan átti að hafa er þá bersýnilega horfið. 3. Öll byggir þessi hugmynd Marx á því að unnt sé að einangra ákveðið svið ólíkra samfélagshátta manna, efnahagslífið, og skoða ytri verkan þess á aðra þætti. En þetta er ógerningur, og Marx átti að vita það manna best, enda hafði hann sjálfur leitt í ljós, svo dæmi sé nefnt, hvernig kapítalisminn aðgreinir efnahag og stjórnsmál, vald, trú, o.s.frv. – áður voru þessi svið einmitt ekki aðskilin, og arðránið byggðist til að mynda einatt á valdi, trúarlegum réttlætningum, o.s.frv.<sup>98</sup>

(4) Marx hitti betur naglann á höfuðið en nokkur borgaralegur hagfræðingur þegar hann benti klárlega á þróun framleiðslugetunnar sem úrslitabátt þeirra „hlutlægu“ framfara sem nútíminn eltir án afláts. En við hljótum auðvitað að spyrja: Í hvaða skilningi er um framför að ræða? Þessu er í meginatriðum hægt að svara á tvennan hátt, hvað sem einstökum afbrigðum líður. Annars vegar er hægt að leggja einfalt nytjasjónarmið til grundvallar, og venjulega ber mest á því í ritum klassískra hagfræðinga. Mannedlið er þá skoðað sem gefin stærð, og bætt framleiðslugeta (þ.e. aukin skilvirkni

96 Castoriadis, *The Imaginary Institution of Society*, Oxford 1987, bls. 37, 152. Svipuð rök hafði Max Weber raunar sett fram þegar árið 1905; sjá Weber, „Objectivity’ in Social Science and Social Policy“, *The Methodology of the Social Sciences*, New York 1949, bls. 70.

97 Castoriadis, *The Imaginary Institution of Society*, bls. 151–152.

98 Castoriadis, *The Imaginary Institution of Society*, bls. 24–29.

framleiðslunnar) samkvæmt því metin einfaldlega vegna þess að hún gerir kleift að svala gefnum þörfum manna skjótar og betur en áður, og með minni tilkostnaði, osfrv. En Marx fór ekki þessa leið, heldur skoðaði framleiðsluna sem part af náttúru mannsins; þróun framleiðslunnar er því metin vegna þeirrar þróunar manneðlisins sem hún hefur í för með sér – nýjar þarfir, fjölbreytilegri afstæður manns og heims, osfrv. Siðmenningarhugtakið tengir hann þannig á afdráttarlausan hátt við tæknilega þróun sem eins konar grundvöll alls annars.<sup>99</sup> Vissulega ávinnst hér nokkuð: í söguritun verður hægt að tengja saman svið sem áður voru skoðuð í einangrun hvert frá öðru, og sérstaklega er ekki lengur hægt að sniðganga þar hið efnahagslega svið. En þessu sjónarmiði fylgir þó herfilegur galli. Marx slær í raun úr höndum okkar alla möguleika á gagnrýni, því ef framleiðsluöflin eru uppistaða framþróunar manneðlisins, verður þróun þeirra heldur ekki gagnrýnd út frá neins konar náttúru-sjónarmiði, og umhverfissjónarmið samrýmast eftir því illa þessari hugsun (gagnrýni hans á firringu auðmagnsskipulagsins er frá þessu sjónarmiði einber ósamkvæmni, því hún verður að miðast við aðrar forsendur um mannlegt eðli og verðleika en þær sem byggjast á þróun framleiðsluaflla okkar). Gagnstætt þessu hugsar Cornelius Castoriadis kapítalismann einkum sem þá fáránlegu ranghugmynd að unnt sé að öðlast endalaust meira tæknivald á veruleikanum.<sup>100</sup> Takmarkanir hins marxíska sjónarmiðs verða hér alveg augljósar.

(5) Sú „úrkyrnjun“ marxismans sem segja má að hafi átt sér stað í eftirbyltingarríkjum 20. aldar þegar hann ummyndaðist þar í opinbera hugmyndafræði verður ekki afskrifuð með þeim rökum að „sannur“ marxismi hafi aldrei náð fram að ganga í þessum ríkjum. Að vísu hefur Marx oft verið tengdur við austurblokkina með fráleitum hætti. Það væri auðvitað ekki beysin sagnfræði að skoða rússnesku byltinguna sem einfalda tilraun til að framkvæma hugmyndir Marx; og á hinn bóginn er jafn fráleitt að túlka 19. aldar hugsuð algerlega á forsendum kalda stríðsins, í raun eftir kokkabókum Stalíns og

99 Þessi skilningur á siðmenningarhugtakinu er t.d. augljós í *Eymð heimspekinnar* (1846); sjá Marx og Engels, *Collected Works*, 6. bindi, Moskvu: Progress Publishers, 1976, bls. 175.

100 Castoriadis, „The Rationality of Capitalism“, *Figures of the Thinkable*, Stanford: Stanford University Press, 2007, bls. 54; sjá einnig eldra rit hans, *The Imaginary Institution of Society*, Cambridge, Mass.: MIT Press, 1987, bls. 19–20, 156–160.

hugmyndafræðilegra valdfauta hans. En svona málflutningi verður þó ekki svarað með tilvísun til hinnar „sönnu“ arfleifðar Marx. Slíkt tal er gersamlega merkingarlaust; því ef marxisminn er á annað borð nokkur skapaður hlutur er hann sögulegur veruleiki, og ekki sannleikur í gömlum bókum frá 19. öld. Þverstæðurnar sem koma upp þegar reynt er að halda í marxískan sjálfsskilning sem eitthvað alls óskýlt hryllingi stalínismans útlistaði Maurice Merleau-Ponty fyrir margt löngu:

Hinni marxísku samsemd hugsunar og athafna [...] er frestað til síðari tíma. Á stundu þegar fræðikenningin á erfitt uppdráttar sem lífsmáti, er hún varðveitt sem hugsunarmáti og heiðurs skjöldur með vísun í óráðna framtíð. Eftir því sem Marx segir er þetta einmitt löstur heimspekinnar. En hvern hefði getað rennt það í grun, því jafnframt er heimspekin einmitt gerð að blóraböggli? Ekki-heimspekin sem Marx kenndi í þágu umbyltandi starfs er nú orðin afdrep óvissunnar. Þessir rithöfundar vita betur en nokkur annar að hin marxíska tenging heimspeki og stjórn mála hefur rofnað. En þeir láta eins og hún sé enn í grundvallaratriðum (og í heimi framtíðarinnar – þ.e.a.s. í mynduðum heimi) það sem Marx sagði að hún væri: raungerving heimspekinnar og tortíming í sömu sögulegu andrá.<sup>101</sup>

Hvers konar „sannleika“ býr arfleifð Marx yfir, hafi hann legið steinsofandi í bókunum í eina og hálfu öld – hafi hann haldið gildi sínu, þrátt fyrir „áhrifaleyssið“? Hugmyndin um tímalaus sannindi í pólitík hentar raunar engu fólki betur en skrifræðishyski eins og því sem náði beinlínis pólitískum völdum í Sovétríkjunum; róttæk lýðræðispólitík á ekkert skylt við það að höndla einhvern sannleika af því tagi, heldur varðar hún einmitt það sem Grikkir kölluðu *λαχά*, skoðanir – ekki vitneskju, vísindi eða neitt slíkt – og þær reynum við að skýra eftir föngum í opinberri umræðu.

Það er engin viðunandi marxísk greining til á Sovétríkjunum.<sup>102</sup>

101 Maurice Merleau-Ponty, *Signs*, Chicago: Northwestern University Press, 1964, bls. 8 (skrifað 1960).

102 Sbr. niðurstöður umfangsmikillar samanburðarrannsóknar Marcells van

Samkvæmt greiningu Trotskís áttu verkalýðsöflin að halda uppi vörnum fyrir Sovétríkjunum í hvers kyns árekstrum við auðmagnsríkin, og fylgismenn hans útfærðu þessa afstöðu síðar þannig að hún tæki einnig til Austurblokkarinnar, Kína, o.s.frv. Nú er augljóst að þessi stefna var kolröng. Fáir urðu jafn illilega fyrir barðinu á „verkalýðsríkinu“ og Trotskí sjálfur. En hann virðist ekki hafa getað horfst í augu við það að allt starf hans og annarra bolsévika var ekki bara unnið fyrir gýg, heldur hafði beinlínis snúið upp í einhverja alverstu martröð mannkynssögunnar. Hjá fylgismönnum hans var þessi vörn fyrir „verkalýðsríkið“ næsta ódýr stefna að því leyti sem talsmenn hennar þurftu ekki að búa við þjóðarhrylling á borð við hreinsanir Stalínstímans eða ofsóknaranda Brésnevstímans, eða bara ritskoðunina sem var raunar talsvert glórulausari en sú sem gerði Marx lífið óbærilegt í Prússlandi næstum heilli öld fyrr. Sovétríkin voru alræðisríki, sem vann að því með öllum tiltækum ráðum að draga úr þjóðinni allan kjark og myndugleika, fylla hana ótta og svipta hana öllum völdum. Vinstrimenn í dag verða að viðurkenna þetta; og þá viðurkenningu er ekki að finna í arfleifð marxismans. Mælskuþvaður um „ríkiskapítalisma“ eins og því sem maóistar, Albaníukommar og aðrir slíkir höfðu sem mest í frammi forðum er þar síst til bóta, enda fer slík kenning einfaldlega ekki saman við marxískar forsendur.

(6) Mér virðist einsýnt að sósíalismi nú á dögum hljóti að merkja fyrst og fremst útvíkkun og dýpkun lýðræðisins í klassískum skilningi þess orðs, að lýðurinn ráði. Hvernig nýtist arfleifð Marx ef sósíalisminn er endurskilgreindur í þessum anda? Það er raunar upp og ofan. Margt í gagnrýni hans og sporgöngumanna hans á takmarkanir „borgaralegs“ lýðræðis þess sem við höfum búið við hittir að vísu tvímælalaust í mark, en kennilegur arfur marxismans gerir þó að miklu leyti ekki annað en þvælast þarna fyrir. Rétt er að skýra nánar hvað hér er um að tefla.<sup>103</sup>

Í fyrsta lagi fara „vísindi“ marxismans um samfélag og sögu ekki

der Linden, *Western Marxism and the Soviet Union*, Leiden: Brill, 2007. „[...] Sovéskt samfélag verður yfirhöfuð varla skýrt á skilmálum rétttrúnaðar-marxisma“ (bls. 317).

103 Í eftirfarandi samantekt hef ég hliðsjón af ritgerð eftir Joseph V. Femia, „Marxism and Radical Democracy“, *Inquiry* (28:1, 1985), bls. 293–319, en breyti umfjöllun hans um einstaka liði stundum verulega.

saman við þarfir róttæks lýðræðis; að því leyti sem unnt er að sýna fram á að vísindaskilningur Marx skeri sig úr þeirri hefð sem myndaðist hjá sporgöngumönnum hans er samt alltaf um að ræða arfleifð sem er í besta falli bæði óljós og villandi. Hvað marxíska hefð snertir er vandamálið augljóst: stjórnmal róttæks lýðræðis varða skoðanir manna, *doxae*, sem þeir reyna að skýra eftir bestu getu, en ekki rétt vísindi eða algildan sannleika – þeir sem aðgang hafa að slíkum viskubrunnum hafa enga þörf fyrir að hlusta á öndverð sjónarmið.

Í öðru lagi er óumdeilanlegt að þrátt fyrir tregðu Marx til spádoma um framtíðarsamfélagið – sumpart réttlætlanlegri, sumpart ekki – er að finna hjá honum spretti sem eru vissulega æði útópískir og vinna gegn róttækri útvíkkun lýðræðisins. Hann gerir til dæmis ráð fyrir því að kommúnískt samfélag skapi allsnægtir í þeim mæli að hvers kyns átökum um skiptingu tamarakaðra gæða ljúki, svo ekki þurfi lengur sérstakt vald til þess að ákvarða hana. Þetta er óraunsætt mat fyrir margra hluta sakir, og meðal annars vegna þess að fráleitt er að ætla að fullt samkomulag geti orðið um áherslur í framleiðslu samfélagsins, og vegna þess að mannlegar þarfir eru, eins og Marx annars vissi mætavel, stöðugum breytingum undirorpnar, ekki útreiknanleg fyrirfram gefin stærð. Einnig taldi Marx að í framtíðinni hlyti hvers konar skipting samfélagsins í ólíka hópa, sem hljóta alltént að hafa einhverja sérhagsmuni, að líða undir lok, og þar með einnig stjórnmalin: þau byggðust einmitt á þeirri skiptingu samfélagsins í stéttir sem nú hlaut að hverfa. Með fylgja álíka haldlausar hugdettur um að sérstök réttindi fólks verði óþörf, og auk þess undirstöðulaus þar sem ekki verður lengur til staðar sérstök ríkisvél, aðskilin frá samfélagsheildinni. Hér er ekki rúm til þess að ræða öll þessi mál til neinnar hlítar,<sup>104</sup> en eitt er víst: reynsla 20. aldar hefur sýnt með óyggjandi hætti hve nauðsynlegt það er að taka einstaklingsbundin réttindi alvarlega. Marx sýndi ungur fram á hvernig réttindaformið sem slíkt er sprottið af sundrunu ríkis og borgarasamfélags, og byggir raunar á sértekningu frá öllu því misrétti sem skapast á vettvangi þess síðarnefnda – misrétti sem raunar veldur því að geta fólks til að færa sér réttindin í nyt er oft lítil eða

104 Sjá t.d. Steven Lukes, „Can a Marxist Believe in Human Rights?“, *Praxis International*, 4/1981, bls. 334–345. Lýkilrit í marxískri hefð um þessi efni er tvímælalaust Lenín, *Ríki og bylting*, Rvk. 1970, þar sem ítarlega er fjallað um arfleifð Marx og Engels.

engin í verki.<sup>105</sup> Marx sýnir þarna óefað talsverða skarpskyggni, en hér sem oftár í ritum hans gleymist að gá að því að uppruni og gildi slíkra réttinda er sitt hvað.<sup>106</sup> Hvað uppruna þessara réttinda snertir verður líka að gera þá athugasemd að tilvist þeirra er ekki kapítalísmannum á nokkurn hátt að þakka heldur alþýðlegum baráttuhreyfingum, enda komu þau fram í frönsku byltingunni, og útvíkkun þeirra er afurð hreyfinga sem ekki undu takmörkunum hefðbundinnar frjálslyndisstefnu.

Í þriðja lagi er ekki hægt að afskrifa markaðinn eins billega og Marx gerir ráð fyrir, og koma á altækri áætlunargerð um allt hið efnahagslega svið samfélagsins. Mikilvæg rök sem að þessu líta komu fram hjá frjálslyggjupostulunum frægu, Ludwig von Mises og F. A. Hayek, en þau varða einkanlega upplýsingaflæðið sem miðstýrð áætlunargerð verður að geta byggt á: Hayek benti á það að sú efnahagslega þekking sem áætlanagerð hlýtur að byggja á er raunar afskaplega dreifð, og varla nokkur von til þess að hún verði dregin saman í einum punkti, í einum huga, svo að segja, eins og hið miðstýrða líkan sósíalísmans gerir ráð fyrir. Hayek láist að vísu að gæta að því að rök hans eru tvíbent, og hæfa einnig kapítalísmann *mutatis mutandis*, sérstaklega að því leyti sem hann hefur um langt skeið verið undirorpinn áberandi tilhneigingu til einokunar (þar er yfirleitt næsta veikur blettur í kennilegum arfi nýfrjálslyggjunnar).<sup>107</sup> En það er enginn vafi á því að miðstýrð áætlunargerð er enginn raunhæfur valkostur fyrir flókin nútímasamfélög. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að samfélagið sníði markaðnum annan og þrengri stakk en verið hefur, og reyni þannig að láta hann vinna betur í þágu okkar allra, og til dæmis má vel hugsa sér að pólitískar umræður fari fram um nýtingu hvers kyns takmarkaðra náttúruauðlinda í samræmi við skipulega áætlunargerð á því sviði; einnig að megináherslur

105 Marx, „Um gyðingamálið“ (1843), ísl. þýðing væntanleg hjá HÍB.

106 Sbr. ritgerð Vilhjálmis Árnasonar, „Hið sanna ríki frelsisins. Siðferðisgreining Karls Marx“, *Tímarit Máls og menningar*, 1/1997, bls. 84–95.

107 Röksemdafærsla Hayeks í „útreikningsdeilunni“ svonefndu var ekki algerlega ný af nálinni, og ef að er gáð sækir hann verulega til marxista, sérlega hugmynda Trotskís, eins og Robin Blackburn sýnir í frábærri ritgerð, „Fin de Siècle: Socialism After the Crash“, sjá samantekt bls. 25–39.

í framleiðslu samfélagsins séu þannig settar undir lýðræðislegt ákvörðunarvald.<sup>108</sup>

(7) Ég hef þegar nefnt hvernig Marx hafnaði túlkunareðli skilnings síns á inntaki verkalýðsbaráttunnar, og huldi það til hálfis í meðreyk fatalískrar sýnar á framrás sósíalískrar hreyfingar. En þetta er aðeins önnur hliðin á málinu. Má ég nefna að þessi afstaða Marx er kannske fegursta trúarljós sem nokkur manneskja getur átt – dásamleg tíra sem birtir okkur yfirstéttarþótta aldanna í skýru ljósi, svo við sjáum loks hið tóma dramb þeirra vitringa sem jafnan fyllast óskaplegri vandlætingu hvenær sem „fjöldinn“ eða „múgurinn“ – venjulegt fólk – fer að láta stjórnsmál til sín taka? Yfirleitt hafa þessir aldagömlu fordómar ekki verið teknir sérstaklega til skoðunar, en þeir byggja á þeirri trú að manneskjur séu í eðli sínu annaðhvort stjórnendur eða fólk sem lútir stjórn. Hin öndverða sannfæring Marx afhjúpar þessa trú; trú hans á venjulegu fólk er ómetanlegt framlag til róttækrar lýðræðishreyfingar og þar með til nýs sósíalisma. Einmitt vegna hennar held ég að róttækir lýðræðissinnar geti enn, þrátt fyrir allt, ýmislegt lært af marxískri hefð. Marx hafði *ábuga* á fjöldahreyfingum, og vildi geta tengst þeim þannig að áhrifavald kommúnista á úrslitastundum sé aðeins önnur hliðin; engu minna máli skiptir allt það sem læra má af *fjöldabreyfingunni*. Í *Kommúnistaávarpinu* er að finna afskaplega athyglisverða nálgun að þessu í kröfulistanum undir lok II. kafla – meginatriðið þar er vel að merkja ekki kröfurnar sjálfar, sem jafnan hljóta að miðast við stað og stund, heldur það sjónarmið

108 Hér get ég ekki fjallað um þessi mál í neinum smáatriðum, en bendi á Hilary Wainwright, *Arguments For a New Left*, Wiley-Blackwell: Oxford, 1994, og áðurnefnda ritgerð Robins Blackburn, „Fin de Siècle: Socialism After the Crash“, bls. 5–66. Sjá einnig stórmerka ritgerð Corneliusar Castoriadis, „On the Content of Socialism“, II. og III. hluta, *Political and Social Writings*, 2. bindi, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1988, bls. 90–192. Áhugaverða tilraun til þess að verja altæka áætlunargerð er að finna hjá Ernest Mandel, „In Defence of Socialist Planning“, *New Left Review (I)* (159, sept.–okt. 1986), bls. 5–39, sjá einnig deilu hans við Alec Nove: Nove, „Markets and Socialism“, *New Left Review (I)* (161, jan.–feb. 1987), bls. 98–104; Mandel, „The Myth of Market Socialism“, *New Left Review (I)* (169, maí–jún. 1988), bls. 108–121. Í kjölfarið komu svo tvær greinar í viðbót, sjá Meghnad Desai o.fl., „The Transition from Actually Existing Capitalism“, *New Left Review (I)* (170, júl.–ág. 1988), bls. 61–78; og Diane Elson, „Market Socialism or Socialization of the Market?“, *New Left Review (I)* (172, nóv.–des. 1988), bls. 3–44.

sem að baki þeim liggur, *umskiptasjónarmiðið*, þar sem byggt er á „ráðstöfunum sem virðast frá efnahagslegu sjónarmiði ófullnægjandi og haldlausar, en verða í rás hreyfingarinnar aflvaki annars meira og eru óhjákvæmilegar til þess að velta um öllu framleiðsluskipulaginu“.<sup>109</sup> Óneitanlega er framsetning Marx og Engels æði snubbótt. Á þessari nálgun var einfaldlega enginn skilningur innan Annars alþjóðasambandsins, og stefnuskrá Þýska sósíaldemókrataflokksins sem samþykkt var á þingi í Erfurt 1891 byggðist á algerrri tvígreiningu í „hámarks- og lágmarksstefnuskrá“ – með öðru orðalagi var gerður skarpur greinarmunur á sósíalískum kröfum annars vegar og hversdagslegri umbótakröfum sem rúmuðust innan hins kapítalíska skipulags hins vegar; í raun hafði „hámarksstefnuskráin“ enga þýðingu í starfi flokksins. Uppgjöri kommúnistahreyfingarinnar við pólitíska arfleifð Annars alþjóðasambandsins fylgdi enduruppötun hins upphaflega umskiptasjónarmiðs Marx og Engels; en stálmisminn kæfði það svo fljótlega aftur. Sumir sporgöngumenn Marx misstu þó ekki sjónar á því og héldu áfram að útfæra það, einkum Trotskí.<sup>110</sup> Sósíalisminn er þar að vísu skilinn sem „sjálfsstjórnun framleiðandanna“, en þótt þeirri þröngu sýn á lokamarkmiðið verði ekki unað, ættum við ekki að gleyma því að hún byggir á frumgildi réttnefnds lýðræðissamfélags: sjálfræðinu. Hér verður þó ávallt að gæta þess að túlka ritin ekki í veru tilbúinnar „stefnuskrár“ eða algildrar „stjórnlistar“. Því lykilatriðið er ekki að fiska upp eitthvert tilbúið líkan, heldur þann hugsunarhátt sem undirliggur skapandi samleik fjöldahreyfingar og þátttakenda í henni sem vilja reyna að líta fram á veginn til frekari lýðræðislegra ávinninga.

109 Marx og Engels, *Kommúnistaávarpið*, bls. 204–205. (Þýðingu breytt.)

110 Trotskí, *Umbyltingarstefnuskráin*, Reykjavík: Fylkingin, 1978; „Umskipta-stefnuskráin“ hefði verið nákvæmara. Ég vek sérstaklega athygli á inngangi Más Guðmundssonar hagfræðings að þessu riti.